

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. mars 2022

Mál nr. S-3653/2019:

## Héraðssaksóknari

(*Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari*)

**gegn**

**X**

(*Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður*)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 7. febrúar sl., er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 8. ágúst 2019, á hendur X, kennitala [...], [...], [...].

### I

„Fyrir neðangreind kynferðisbrot gegn A með því að beita hana ólögmætri nauðung og nýta sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart A sem er með þroskahömlun og gat ekki skilið þýðingu verknaðarins en ákærða var kunnugt um fötlun hennar vegna tengsla við hana.

1. Í bifreið í N í Reykjavík, fimmtudaginn 27. nóvember 2014 káfað á brjóstum A og fengið hana til að hafa við hann munnmök og í framhaldi fengið sáðlát yfir magann á henni.
2. Á salerni við O í Reykjavík, í desember 2014, haft endaparmsmök við A.
3. Á gólfi salernis við O í Reykjavík, í desember 2014, haft samræði við A.
4. Á heimili A við M í Reykjavík, 5. janúar 2015, haft samræði við A.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### II

Fyrir misneytingu, með því að hafa föstudaginn 2. janúar 2015 með því að nýta sér bágindi, einfeldni og fákunnáttu A fengið hana til að taka út úr hraðbanka [...] banka í Kringlunni og láta sig hafa kr. 12.000.- í reiðufé sem ákærði nýtti til eigin nota.

Telst þetta varða við 253. gr. almennra hegningarlaga.

### III

Fyrir neðangreind hegningarlagabrot gegn B:

1. Fyrir brot gegn blygðunarsemi, með því að hafa á tímabilinu frá janúar 2016 til byrjunar árs 2018 sýnt af sér lostugt athæfi og sært blygðunarsemi B er hann beitti hana blekkingum um það hver hann væri og síðan hvers eðlis samband þeirra væri, í gegnum samskiptaforritið Messenger, í þeim tilgangi að eiga í kynferðislegum samskiptum við hana og fá hana til að senda sér kynferðislegar myndir af henni sjálfri.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir hótanir, með því að hafa í samskiptum sínum við B á samskiptaforritinu Messenger, þriðjudaginn 22. mars 2016 og mánudaginn 25. apríl 2016, hótad að birta opinberlega kynferðislegar myndir sem B hafði áður sent honum í trúnaði þeirra á milli en myndirnar sýndu nakin kynfæri hennar og brjóst. Hótanir ákærða voru til þess fallnar að vekja hjá B ótta um heilbrigði og velferð sína.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga.

3. Fyrir nauðgun, með því að hafa í nokkur skipti, frá október 2017 og fram til mars 2018, á heimili ákærða að P í Reykjavík, beitt B ólögmætri nauðung, beitt hana blekkingum og nýtt sér andlega fötlun hennar til þess að fá hana til að sleikja á honum punginn og hafa við hann munnmök en ákærði taldi B trú um að hann vildi trúlofast henni og nýtti sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart henni en honum var kunnugt um að B væri þroskahömluð og gæti ekki skilið þýðingu verknaðarins.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

### IV

Fyrir nauðgun, með því að hafa í eitt skipti í kyrrstæðri bifreið sem lagt var skammt frá [...] í Reykjavík árið 2015 eða 2016, með ólögmati nauðung og með því að nýta sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart C og D stungið fingri inn í leggöng þeirra og káfað á kynfærum þeirra og fengið C til að hafa við sig munnmök en C og D eru báðar með þroskahömlun og gátu ekki skilið þýðingu verknaðarins en ákærða var kunnugt um fötlun þeirra vegna tengsla sinna við þær.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

## V

Fyrir neðangreind kynferðisbrot gegn C:

1. Fyrir nauðgun, með því að hafa í nokkur skipta, á heimilum hans að Q [...] og P í Reykjavík og heimili C að Q [...] í Reykjavík, frá árinu 2015 og til mars 2018 og á tímabilinu frá janúar 2019 til mars 2019, með ólögmati nauðung og með því að nýta sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart C fengið hana til að hafa við sig munnmök og stungið fingri inn í leggöng hennar en C er með þroskahömlun og gat ekki skilið þýðingu verknaðarins en ákærða var kunnugt um fötlun hennar vegna tengsla við hana.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

2. Fyrir brot gegn blygðunarsemi, með því að hafa á tímabilinu frá janúar 2018 til mars 2019 sýnt af sér lostugt athæfi og sært blygðunarsemi C er hann beitti hana blekkingum, lofaði henni peningagreiðslum og hótaði að drepa sig, í gegnum samskiptaforritið Messenger, í þeim tilgangi að fá hana til að senda sér myndir af brjóstum hennar og kynfærum.

Telst þetta varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

### *Einkaréttarkröfur:*

Af hálfu A, kt. [...], er krafist miskabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 3.500.000. – auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 27. nóvember 2015 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu þessarar en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er krafist greiðslu þóknunar

réttargæslumanns úr hendi sakbornings að mati dómara eða samkvæmt síðar framlögðum reikningi, auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Af hálfu B, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni kr. 1.000.000.- ásamt vöxtum af fjárhæðinni skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. desember 2017 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað brotþola að skaðlausu, skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati réttarins, að viðbættum virðisaukaskatti, fyrri að halda fram bótakröfu sinni í málinu, skv. 3. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Af hálfu C, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 18. mars 2018 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi var birt en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu D, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 2.500.000.- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 20. mars 2018 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi var birt en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður, til vara að honum verði gert að sæta öryggisráðstöfunum, en að öðrum kosti verði honum gerð vægasta refsing sem lög leyfa sem öll verði skilorðsbundin. Jafnframt er krafist frávísunar á bótakröfum en til vara verulegrar lækkunar. Loks er krafist málsvarnarlauna ásamt virðisaukaskatti sem greiðist úr ríkissjóði.

## **Málsatvik**

### *I. og II. kafli ákæru*

Þann 5. janúar 2015 mætti brotþolinn A til lögreglu til að kæra ákærða fyrir misneytingu. Hún skýrði svo frá að þremur dögum fyrr hefði ákærði sett sig í samband

við hana og sagt henni að koma með honum í Kringluna því hún ætti að láta hann hafa peninga. Ákærði hefði komið að sækja hana á bíl og hefði vinur hans, E, og konan hans, verið með honum. Þau hefðu farið í Kringluna þar sem ákærði hefði sagt henni að fara í hraðbanka og taka út peninga til að láta hann fá. Hún hefði ekki þorað öðru en að gera það og hefði tekið út 20.000 krónur en ákærði hefði tekið 12.000 krónur af því. Ákærði hefði staðið við hlið hennar þegar hún hefði tekið út peningana. Brotapoli kvað ákærða hafa hóttað sér. Erfitt reyndist að fá fram í hverju þessar hótanir hefðu verið fólgnar, en hún kvaðst vera hrædd við hann og ekki hafa þorað öðru en að gera það sem hann sagði.

Að skýrslutökunni lokinni greindi brotapolí frá því að ákærði hefði nokkrum sinnum átt við hana kynferðismök en hún hefði ekki þorað öðru en að taka þátt í þeim til að þóknast honum.

Brotapolinn mætti á ný til lögreglu 23. janúar 2015 til að kæra ákærða fyrir kynferðisbrot sem hefðu átt sér stað á tímabilinu frá því nóvember 2014 til janúar 2015. Hún greindi frá því að brotin hefðu átt sér stað í bíl í N, á salerni í O og á heimili hennar. Hún kvaðst hafa kynnst ákærða þegar hann hefði [...] og kannast við hann í gegnum fjölskylduna sína. Þau hefðu verið í samskiptum á facebook. Hann hefði m.a. sagt henni að hann vildi trúlofast henni. Hann hefði svo boðið henni í sumarþústaðarferð 27. nóvember árið áður. Hann hefði sótt hana í Mjóddina þar sem þau hefðu farið í ríkið og svo ekið í N. Hann hefði þá sagt henni að mamma hans væri í bústaðnum svo þau gætu ekki farið þangað. Þar hefðu þau farið aftur í bílinn þar sem ákærði hefði sprautað sæði yfir magann á henni. Hann hefði líka lyft peysunni hennar upp og komið við brjóstin á henni og hún tottað hann. Hún hefði verið hrædd og ekki þorað að gera neitt. Eftir þetta hefði ákærði farið út úr bílnum og náð í pappír í skottið sem hún hefði þurrkað sér með. Ákærði hefði svo keyrt hana að slyshadeildinni í Fossvogi og skilið hana eftir þar. Hún hefði síðan fengið þáverandi kærastann sinn til að sækja sig þar sem það hefði verið mikil hálka og hún ekki treyst sér til að ganga ein heim.

Brotapoli greindi einnig frá því að um viku eftir atvikið í N hefði hún verið í [...] O og ætlað að versla í matinn þegar ákærði hefði hringt í hana og beðið hana um að hitta sig þar. Móðir hennar hefði hringt skömmu síðar og ákærði sagt henni að segjast vera að hitta vinkonur sínar. Ákærði hefði svo spurt hana hvort hún væri gröð en hún hefði ekki skilið hvað það þýddi. Hann hefði svo viljað fá hana með sér á karlklósettið og þar hefði hann viljað að hún færi úr að neðan. Hún hefði ekki viljað það en hann hefði þá hóttað henni ýmsu, svo sem að „sprauta upp í hana“, „skíta“ eða „míga“ upp í hana. Hún hefði þá farið úr og beygt sig niður við klósettið þar sem hann hefði „riðið henni í rassgatið“. Hann hefði haft sáðlát og sæðið farið í rassinn á henni.

Um viku síðar hefði ákærði beðið hana um að hitta sig í O áður en hún færi á [...]. Þar hefði hann farið með hana inn á klósett fyrir fatlaða. Þau hefðu sest fyrir framan klósettin og spjallað saman og ákærði síðan spurt hana hvort hún væri gröð. Hann hefði

farið með hana inn á klósettið fyrir fatlaða og viljað að hún legðist á gólfið. Hún hefði neitað því þar sem hún hefði ekki verið viss um að geta staðið upp aftur en hann hefði þá sagst ætla að hjálpa henni við það. Svo hefði hann hóttað henni að „pissa upp í“ hana eða „skíta milli brjóstanna“ eða eitthvað slíkt ef hún gerði ekki það sem hann vildi. Hún hefði verið hrædd við hann og ekki þorað öðru en að hlýða. Hann hefði hjálpað henni úr, hún hefði lagst á gólfið og hann hefði riðið henni í þíkuna. Þetta hefði endað með því að hann hefði haft sáðlát yfir magann á henni. Eftir þetta hefði hann farið og sagst vera að fara að vinna við að gera við tölvur.

Skömmu síðar hefði brotapolinn haldið að tölvun hennar væri eitthvað biluð. Þá hefði ákærði komið heim til hennar en síðan viljað fá hana með sér út. Hann hefði fengið mann til að sækja þau og farið með hana upp í Kringlu þar sem hún hefði tekið 12.000 krónur út úr hraðbanka fyrir hann. Eftir það hefði hann komið með henni inn og litið á tölvuna og þá hefðu þau farið í rúmið. Ákærði hefði áður beðið hana um að vera bera innan undir náttkjól og hún hefði gert það þar sem hún hefði ekki þorað öðru. Hann hefði riðið henni í þíkuna og sæðið hefði farið þangað. Eftir að ákærði hefði farið hefði hún tekið eftir því að rúmið var rennandi blautt. Hún hefði sent ákærða skilaboð en hann hefði ekki viljað kannast við að hafa pissað í rúmið.

Í málinu liggja fyrir gögn um þroska og heilbrigðisástand brotapolans A. Í örorkumati frá 19. júní 2001 kemur fram að hún hafi verið metin með 75% varanlega örorku frá 1. ágúst 2001. Greiðslur umönnunarþóta hafi verið hafnar árið [...] en [...] hafi hún farið á almennan lífeyri og verið metin meira en 75% öryrki frá þeim tíma. Jafnframt liggur fyrir læknisvottorð til grundvallar matinu.

F sálfræðingur var af lögreglu fenginn til að greina þroska og heilbrigðisástand brotapolans A í þágu rannsóknar málsins. Í vottorði hans, dagsettu 18. maí 2017, kemur fram að greind hennar mælist neðarlega á stigi vægrar þroskahömlunar. Frammistaða marktækt undir meðallagi komi fram á öllum prófþáttum. Hún eigi jafnframt við margháttada erfiðleika að stríða á sviði félagslegrar aðlögunar og falli því undir alþjóðleg viðmið fyrir væga þroskahömlun, bæði hvað varði greind og aðlögunarfærni. Um sé að ræða fötlun sem hafi víðtæk áhrif á líf þeirra sem eigi við hana að stríða og þessir erfiðleikar einkenni lífsferil brotþola. Fötlun hennar sé öllum ljós sem eigi við hana samskipti. Hreyfihömlun hennar sé mjög hamlandi. Hún eigi erfitt með [...]. Þroskahömlun hennar komi til dæmis þannig fram að hún eigi erfitt með tjáningu og skilning, skorti innsæi í félagsleg samskipti og sé leiðitöm. Ekki sé vafi á því að brot þau sem kært sé fyrir hafi haft alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola. Fólk með þroskahömlun sé lítt varið gagnvart hótunum af því tagi sem hún hafi orðið fyrir, sé leiðitamt og eigi erfitt með að standast þrýsting frá öðrum.

Í þinghaldi í máli þessu 15. október 2019 var G, sálfræðingur og prófessor, dómkvödd til að meta þroska og heilbrigðisástand brotapolans A. Í ódagsettri matsgerð

hennar kemur fram að útlit brotapolans beri með sér að hún sé fötluð og það megi einnig finna fljótlega á samskiptum við hana. Þau gögn sem til séu um þroska hennar bendi til þess að hún sé neðarlega á stigi vægrar þroskahömlunar, búi við skerta starfsgetu, skorti innsæi í samskipti við aðra og búi við margvíslegar takmarkanir. Hún sé líkamlega fötluð [...]. Hún sýni örðugleika sem samsvari afleiðingum [...]. Auk þess sé hún með [...]. Hún eigi við minnisvanda að stríða, a.m.k. í ákveðnum aðstæðum. Manneskja með slíka fötlun sé kjörið skotmark fyrir misnotkun af ýmsu tagi og ólíklegt sé að hún geri sér grein fyrir misnotkuninni fyrr en við töluverða endurtekningu. Hún sé þannig mjög líklegt fórnarlamb kynferðislegrar misnotkunar. Hún hafi lengi glímt við námsörðugleika sem fylgi þroskahömlun og sé með skertan málþroska og málskilning. Líklegt sé að hún skynji ekki ætlun einhvers sem hafi einbeittan brotavilja til að plata hana eða blekkja. Hún gæti misskilið áreitni sem áhuga á sér, vináttu og jafnvel ástarhót. Ef henni er hótað til að halda hlýðni sé líklegt að hún þori ekki öðru og upplifi sér ógnað. Auðvelt sé að rugla hana í ríminu þegar komi að meðferð peninga, en hún ruglist auðveldlega í upphæðum og talningu á hærri tölum en eitt þúsund.

Í þinghaldi 16. júlí 2020 voru H geðlæknir og I sálfræðingur dómkvaddir til að gera yfirmat á brotapolanum A. Í matsgerð þeirra frá 11. desember 2020 kemur fram að brotapolinn sé með væga þroskahömlun. Engum dyljist af útliti hennar, hegðun og svörum að hún eigi við þroskahömlun að stríða. Hún eigi erfitt með orðskilning, ruglist auðveldlega og eigi erfitt með athygli. Auk þess sé hún stundum hvatvís og með þráhyggju. Hún mælist í neðri mörkum vægrar þroskahömlunar á greindarvísitöluprófi. Samanborið við aldurs- og kynbundin viðmið mælist frammistaða hennar verulega skert á þeim taugasálfræðilegu prófum sem fyrir hana hafi verið lögð. Heyrnrænt minni hafi mælist verulega skert, en þar gagnist henni vísbendingar í formi kennslaminnis að nokkru leyti. Einnig hafi komið fram verulegir erfiðleikar varðandi suma þætti stýringar, erfiðleikar varðandi sveigjanleika í hugsun, skert svarhömlun og talsverð hvatvísi þar sem hún hafi gert mikið af villum. Hún virðist eiga í nokkrum erfiðleikum með að nefna nafnorð, svo og með yrta og óyrta rökhugsun. Yfirmatsmenn telja að brotapolinn hafi getað skilið þýðingu verknaðarins sem um ræði en lýsingar hennar bendi til þess að hún hafi verið þvinguð til kynlífsathafna sem hún hafi ekki viljað stunda. Hún sé leiðitöm og hafi átt erfitt með að verja sig fyrir ákærða.

### *III. kafli ákæru*

Þann 11. mars 2018 kom brotapolinn B til lögreglu til að kæra ákærða fyrir kynferðisbrot. Hún greindi frá því að hún hefði kynnst ákærða um tveimur árum fyrr í gegnum son hans, en þau hefðu verið saman í [...] og ákærði hafi komið þangað að sækja hann. Ákærði hefði sent henni vinabeiðni á Facebook undir nafninu Y. Þau hefðu rætt saman á messenger en hún hefði í fyrstu ekki áttað sig á hver þetta væri. Hann hefði m.a.

látið hana senda honum nektarmyndir af sér, en hann hefði sagt að hann vildi verða kærastinn hennar og lofað henni hring sem hún fengi ekki nema senda myndir. Hún hefði sent honum myndir af brjóstum hennar og píku. Skyndilega um tveimur árum síðar hefði hann viljað hitta hana. Hann hefði gefið þær skýringar á tímasetningunni að hann hefði verið í útlöndum. Hann hefði komið og sótt hana í nálæga götu, en henni hefði fundist það skrytið að hann hefði ekki viljað koma nálægt heimili hennar. Hann hefði ekið með hana að heimili sínu í P og lýsti brotapolinn aðstæðum þar nánar. Þar hefði ákærði látið hana gera ýmsa hluti sem hún hefði ekki viljað. Hann hefði fækkað fötum og beðið hana um að totta sig og sleikja á sér punginn. Þetta hefði endað með því að ákærði hefði fengið sáðlát yfir magann á henni. Hann hefði jafnframt sagt henni að afklæðast, sleikt á henni brjóstin og viljað gera meira, en hún hefði ekki viljað það. Henni hefði fundist þetta óþægilegt en ekki áttað sig á að hún ætti ekki að gera þetta. Hún hefði hins vegar áttað sig á að hann væri ekki 31 árs eins og hann hefði sagt henni. Þetta hefði gerst í fjögur til fimm skipti seinni part dags. Í síðasta skiptið hefði hún tekið strætó heim til ákærða. Ákærði hefði sagt henni að hann væri með trúlofunarhringinn og það sama hefði gerst. Þegar ákærði hefði ætlað að sækja trúlofunarhringinn inn í skáp hefði hringurinn ekki verið þar og ákærði hefði sagt að barn hefði tekið hann. Hún hefði þá áttað sig á því að ákærði hefði ekki verið að segja satt. Hann hefði síðan orðið æstur og hún hefði orðið hrædd við hann. Svo hefði hann sagt henni að hann væri þreyttur og endað á að henda henni út. Þegar hún hefði komið út hefði hún hitt brotapolann C, sem hún kannaðist við úr vinnunni, fyrir utan en C hefði sagt að hún væri að fara til ákærða. Hún hefði þá áttað sig á að ákærði hefði verið að segja henni ósatt um að hann væri veikur. Eftir þetta atvik hefði hún farið beint heim til starfsmanns síns til að tala við hana, en hún hefði ekki verið heima. Brotapolinn sagði að sér liði ekki vel yfir þessum atvikum og hún hefði áhyggjur af því að ákærði hefði dreift myndunum sem hún hefði sent honum. Hún hefði núna eytt samskiptum þeirra og blokkað ákærða. Þá greindi hún frá aðstæðum sínum en hún væri flogaveik og með Asperger.

Meðal gagna málsins eru útprentanir á samskiptum brotapolans B og ákærða á messenger og upplýsingar um símasamskipti þeirra.

Í málinu liggur fyrir örorkumat brotapolans B frá árinu 2016. Þar kemur fram að hún uppfylli lækni-fræðileg skilyrði um hæsta örorkumat. Þá liggur fyrir vottorð J lækni, frá 22. mars 2016, sem liggur til grundvallar matinu. Þar kemur fram að brotapoli hafi þroskaskerðingu sem muni ekki breytast. Hún nái þó að búa ein með aðstoð kvölds og morgna og miklum stuðningi frá fjölskyldu.

Undir rannsókn málsins hjá lögreglu var F sálfræðingur dómkvaddur sem matsmaður til að greina þroska og heilbrigðisástand brotapolans B í þágu rannsóknar málsins og hvort svo hafi verið ástatt um hana að ákærði hafi getað notfært sér andlegt ástand hennar til að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök eða þannig sé ástatt

um hana að öðru leyti að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Í matsgerð hans, frá 12. júlí 2018, kemur fram að brotapolinn eigi við tvíþætta fötlun að stríða sem hafi margvísleg og alvarleg áhrif á líf hennar. Um sé að ræða væga þroskahömlun og ódæmigerða einhverfu. Einhverfan sé fötlun sem hafi það í för með sér að brotapolinn eigi í erfiðleikum með að skilja og bregðast við félagslegum aðstæðum og mynda félagsleg tengsl. Þroskahömlunin á því stigi sem hún hafi alltaf í för sem sér alvarlega námserfiðleika, erfiðleika á sviði rökhusunar og ályktunarhæfni og félagslegrar aðlögunar í víðasta skilningi. Af þessu megi ráða að auðvelt sé að misnota traust hennar og blekkja hana. Sé tekið mið af eðli þeirra fjölþættu og alvarlegu erfiðleika sem brotapolinn eigi við að stríða sé ljóst að hægt hafi verið að notfæra sér andlegt ástand hennar til þeirra athafna sem um ræði. Fram hafi komið í viðtölum við hana að hún hafi í upphafi haft þær væntingar til sambands hennar við ákærða að þau yrðu kærustupar. Þegar hún hafi áttað sig á aldursmuninum og því að ákærði hefði eingöngu áhuga á kynlífsathöfnum, sem henni hafi verið á móti skapi en hann hafi neytt hana til að taka þátt í, hafi hún slitið sambandinu við hann. Andlegt ástand hennar hafi verið þess valdandi að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum þegar hann hafi átt sér stað eða skilið þýðingu hans fyrr en nokkru eftir að hún hafi slitið sambandi við hann.

Í þinghaldi í máli þessu 15. október 2019 voru sálfræðingarnir K og R dómkvaddar til að gera yfirmat vegna brotapolans B. Í yfirmatsgerð þeirra, frá 17. maí 2020, kemur fram að brotapolinn glími við margþætta fötlun, dæmigerða einhverfu og þroskaskerðingu, sem hafi í för með sér umtalsverða námserfiðleika og skerta aðlögunarfærni daglegs lífs. Í einhverfu felist m.a. að hún eigi í erfiðleikum með ýmsa þætti félagslegra samskipta, á sviði máls og tjáskipta og glími við árátur og þráhyggjuhugsanir. Erfiðleikar á sviði félagslegra samskipta felist m.a. í erfiðleikum við að setja sig í spor annarra, skilja og laga sig að félagslegum venjum og reglum, skilja fyrirætlanir annarra, bregðast við þrýstingi annarra og vita hvenær sé verið að spila með hana eða misnota. Einstaklingar með einhverfu eigi einnig erfitt með að skilja þarfir, tilfinningar og hugsanir annarra. Í viðtali við brotapóla komi veikleikar hennar á sviði félagslegra samskipta og erfiðleikar við að lesa í aðstæður greinilega í ljós. Hún sé auðtrúa og hafi ítrekað lent í ógöngum í mannlegum samskiptum, sérstaklega hvað varði karlmenn, og eigi erfitt með að setja þeim mörk. Þetta eigi bæði við um bein samskipti og samskipti í gengum netið. Einnig hafi komið fram töluverð tilhneiging til þráhyggjuhugsana, t.d. gagnvart því að trúlofast og fá hring. Ljóst sé að brotapolinn sé í mikilli hættu fyrir misnotkun. Af því verði ályktað að hún hafi átt erfitt með að sporna við verknaðinum og gert sér litla grein fyrir þýðingu hans. Þroskaskerðing hennar og þráhyggjuhugsanir gagnvart því að trúlofast og fá hring skýri að miklu leyti trúgirni hennar hvað aldur ákærða og fyrirætlanir varði. Ekki séu bein útlitseinkenni sem fylgi fötlun brotapolans en líkamsstaða hennar og fas sé sérstakt, auk þess sem málfar hennar

sé mjög einfalt og einkennist af málfarsvillum, sem geri það að verkum að augljóst sé að hún glími við einhvers konar þroskaskerðingu. Niðurstaða yfirmatsmanna sé því að ákærði hafi getað notfært sér ástand brotaþolans og hún hafi hvorki haft forsendur til að sporna við verknaðinum né skilja þýðingu hans til fullnustu.

#### *IV. og V. kafli ákæru*

Þann 18. mars 2018 gaf brotaþolinn C skýrslu hjá lögreglu sem vitni vegna III. kafla ákærunnar. Hún greindi þá frá því að hún hefði kynnst ákærða þegar þau hefðu bæði búið á Q. Ákærði hefði farið að venja komur sínar til hennar á kvöldin og þá hefði ýmislegt kynferðislegt gerst, m.a. hefði ákærði viljað að hún tottaði hann. Hún hefði oft ekki viljað það en hann hefði þá sagt að hún fengi ekki þetta eða hitt. Hann hefði lofað henni peningum en hann hefði aldrei staðið við það. Við nánari umhugsun kvaðst hún telja að þetta hefði gerst fjórum sinnum. Þau hefðu líka verið að ríða og hún taldi að það hefði á þessum tíma verið eitthvað sem hún hefði viljað. Hún hefði nokkrum sinnum farið heim til hans í P þar sem hann búi núna. Þar fyrir utan húsið hefði hún einu sinni hitt brotaþolann B, sem hefði sagt að hún hefði verið að koma frá vinkonu sinni. Það sama hefði gerst milli hennar og ákærða í P og á Q. Ákærði hefði viljað að hún tottaði hann. Hann hefði lofað henni peningum en ekki staðið við það. Hún kvaðst einnig hafa átt samskipti við ákærða á messenger. Þar hefðu þau sýnt hvort öðru kynfæri sín. Þá greindi hún frá því að hún og brotaþolinn D hefðu einu sinni farið í bíltúr með ákærða út fyrir bæinn. Hann hefði verið á [...] fólksbíl. Þar hefði hann káfað á brjóstum þeirra beggja. Þá kvaðst hún ekki muna hvort ákærði hefði jafnframt „puttað“ hana.

Brotaþolinn kom aftur til lögreglu 26. mars 2018 til að kæra ákærða fyrir kynferðisbrot. Hún kvaðst fyrst hafa átt kynferðisleg samskipti við ákærða heima hjá henni á Q. Hann hefði oft beðið hana um að totta sig og lofað peningum fyrir, en ávallt svikið það. Hún gat ekki skýrt af hverju þetta hefði samt gerst aftur. Það hefði bara verið einhver „vitleysa“. Hana hefði ekki alltaf langað til að gera þetta og ekki alltaf gert það þegar hann hefði viljað. Þau hefðu einnig stundað samfarir einhver skipti, með hennar samþykki. Hún hefði líklega tvisvar sinnum farið heim til hans í P. Samband þeirra hefði ekki verið rómantískt, hann hefði þó viljað að hún yrði konan hans, en hún hefði neitað því. Hún kvaðst m.a. hafa verið í samskiptum við ákærða á messenger, en kannadist ekki við að hafa sent honum myndir þar. Hún hefði hins vegar aðeins „sýnt sig“ í myndsamtali. Þá greindi hún með sama hætti frá ferð sinni og brotaþolans D með ákærða í N. Ákærði hefði snert brjóst og klof hennar og brotaþolans D en hún kvaðst ekki viss um hvort hún hefði tottað hann. Þegar borið var undir hana að hún hefði sagt það við lögreglu áður taldi hún að það væri rétt. Spurð um framburð brotaþolans D um að hún hefði séð hvar ákærði hefði puttað hana kvað hún það vel geta verið. Hún gæti hafa gert eitthvað við ákærða en það væru mörg ár síðan, líklega hefði þetta verið árið 2015.

Brotapolinn gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 2. maí 2019. Þar greindi hún frá því að hún hefði í nokkur skipti á því ári farið heim til ákærða í P. Í einhver skipti hefði hún tottað hann og hann snert brjóst hennar og farið með fingur inn í kynfæri hennar. Hann hefði fengið sáðlát og verið með pappírspurrkur eða handklæði undir. Hún hefði gert þetta vegna loforða hans um peninga sem hann hefði svo aldrei staðið við. Þá hefði hún á þessu ári sýnt honum brjóstin og klofið á sér á messenger. Hún greindi á ný frá ferð þeirra brotapolans D með ákærða út fyrir bæinn. Hann hefði ekið venjulegum fólksbíl sem væri [...]. Ákærði hefði þá þuklað á brjóstum þeirra og klofi.

Þann 20. mars 2018 gaf brotapolinn D skýrslu hjá lögreglu. Hún kvaðst hafa kynnst ákærða í gegnum brotapolann C þegar hún hefði búið á Q. Ákærði hefði sótt þær þangað og farið með þær í bíltúr út fyrir bæinn. Þar hefði ákærði beitt þær báðar kynferðislegu ofbeldi. Hann hefði þuklað á henni, farið með fingur í leggöng hennar og nuddað á henni snípinn. Þá hefði brotapolinn C tottað hann. Hún kvaðst jafnframt hafa orðið vitni að því að brotapolinn C hefði tottað ákærða heima hjá henni. Hún lýsti því að hún teldi brotapolann C hafa þvingað sig til þessara samskipta við ákærða. Ákærði hefði lofað brotapolanum C peningagreiðslum fyrir kynlífið en hann hefði ekki borgað neitt og hann hefði ekki lofað henni sjálfri neinu.

Fyrir liggja útprentanir á samskiptum brotapolans C og ákærða á messenger og með smáskilaboðum sem og upplýsingar um símasamskipti þeirra.

Í málinu liggur fyrir örorkumat brotapolans C frá árinu 2016. Þar kemur fram að hún uppfylli lækisfræðileg skilyrði um hæsta örorkumat. Þá liggur fyrir vottorð S lækis, frá 25. nóvember 2016, sem liggur til grundvallar matinu. Þar kemur fram að brotapolni hafi átt við aukin andleg vandamál að stríða síðustu árin og þurft meiri lyfjameðferð og eftirlit en áður. Starfsgeta hafi ekki aukist en hún vinni hálfan dag í vernduðu umhverfi.

Undir rannsókn málsins hjá lögreglu var F sálfræðingur dómkvaddur sem matsmaður til að greina þroska og heilbrigðisástand brotapolans C í þágu rannsóknar málsins og hvort svo hafi verið ástatt um hana að ákærði hafi getað notfært sér andlegt ástand hennar til að hafa við hana samræði eða önnur kynferðismök eða þannig sé ástatt um hana að öðru leyti að hún hafi ekki getað spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans. Í matsgerð hans, frá 19. júní 2018, kemur fram að brotapolinn hafi greind á stigi vægrar þroskahömlunar þar sem frammistaða á flestum þáttum greindarprófs sé marktækt undir meðalagi. Alvarlegustu erfiðleikarnir komi fram á mállegum hluta greindarprófs og á sviði minnisstarfs. Hún eigi einnig við umtalsverða erfiðleika að stríða á sviði félagslegrar aðlögunar og fái þjónustu sem veitt sé fötludum. Hún uppfylli því alþjóðleg greiningarviðmið fyrir væga þroskahömlun, bæði hvað varði greind og aðlögunarfærni. Væg þroskahömlun sé skilgreind sem fötlun sem hafi víðtæk áhrif á líf

þeirra sem eigi við hana að stríða. Það eigi t.d. við um námsferil, félagsleg tengsl í víðasta skilningi og sjálfstæði tengt búsetu og atvinnu. Erfiðleikar á þessum sviðum komi fram í miklum mæli hjá brotapolanum. Fötlun hennar geri það að verkum að auðvelt sé að misnota traust hennar. Hún hafi jafnframt ríka tilhneigingu til að þóknast öðrum og eigi erfitt með að veita viðnám þegar hún sé beitt þrýstingi. Ákærði hafi því augljóslega getað notfært sér andlegt ástand hennar til að koma fram vilja sínum. Þrátt fyrir reynslu hennar af samskiptum við karlmenn sé skilningur hennar á eðlilegum samskiptum kynjanna, eins og á öðrum sviðum samskipta, verulega takmarkaður. Hún eigi auk þess erfitt með að mynda náin tilfinningaleg tengsl þó að hún þrái það. Hún greini sjálf frá því að hafa ekki haft áhuga á kynferðislegum samskiptum við ákærða og aðeins viljað vera vinkona hans. Þetta kunni að virka mótsagnakennt en sé á margan hátt dæmigert fyrir fólk með þroskahömlun. Þörfin til að þóknast öðrum og mynda tengsl sé það rík að hún hafi ekki verið fær um að veita ákærða viðnám þegar hann hafi leitað á hana kynferðislega. Sé þetta haft í huga hafi hún hvorki verið fær um að sporna gegn verknaðinum né skilja þýðingu hans.

Í þinghaldi í máli þessu 15. október 2019 voru sálfræðingarnir K og R dómkvaddar til að gera yfirmat vegna brotapolans C. Í yfirmatsgerð þeirra, frá 17. maí 2020, kemur fram að brotapolinn eigi við fjölþættan vanda að stríða, tourette-heilkenni, félagsfælni, árátta- og þráhyggjuröskun og þroskaskerðingu. Hún hafi áður starfað á vinnustað fyrir fatlað fólk, en hafi ekki starfað þar sl. ár. Hún búi ein í einstaklingsbúð í eigu [...] en fái liðveislu við rekstur heimilisins. Veikleikar hennar á sviði félagslegra samskipta komi í ljós í viðtali við hana. Almennur félagslegur skilningur hennar sé mjög veikur og hún sé bókstafleg í hugsun. T.d. eigi hún mjög erfitt með að útskýra hvað felist í nánnum samböndum, hvort sem um er að ræða vinasambönd eða ástarsambönd. Hún segist ekki hafa viljað vera í kynferðislegu sambandi við ákærða en það hafi verið erfitt að stoppa hann. Fötlun hennar valdi því að hún sé í aukinni hættu á að lenda í misnotkun eða ógöngum í mannlegum samskiptum. Hún virðist eiga erfitt með að skilja orsakasamhengi og afleiðingar hegðunar sinnar. Við fyrstu kynni sé ekkert markvert í útliti hennar sem gefi fötlun hennar til kynna. Í samskiptum við hana komi hins vegar fljótt í ljós að hún glími við þroskaskerðingu. Hún haldi illa þræði í samtali, tal sé oft samhengislaust og töluvert vanti upp á gagnkvæmni í samtali. Hún leiðist auðveldlega út í önnur og ótengd umræðuefni þegar hún sé spurð spurninga og mikið þrálæti komi fram. Það ætti því ekki að leynast þeim sem eigi í samskiptum við hana að hún glími við umtalsverða þroskaskerðingu. Það er álit yfirmatsmanna að vegna fötlunar sinnar hafi brotapolinn ekki haft forsendur til þess að sporna við verknaðinum auk þess sem hún sé í mikilli hættu á að vera misnotuð. Því megi álykta að ákærði hafi getað notfært sér andlegt ástand hennar til að ná fram vilja sínum.

Í málinu liggja fyrir ýmis gögn um þroska og heilbrigði brotapolans D allt frá barnsaldri. Í greinargerð T, sviðstjóra þróunar- og greiningarsviðs svæðisskrifstofu Reykjavíkur, frá 21. október 2003, kemur fram að hún sé fötluð og eigi rétt á þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og gerð er grein fyrir félagslegri stöðu hennar. Þá liggur fyrir athugun F sálfræðings, frá 17. mars 1999, á þroska brotapolans. Þar kemur fram að vitsmunapróski hennar sé á sviði tornæmis með miklum erfiðleikum á málþáttum greindar, auk þess sem fram komi erfiðleikar í einbeitingu og sjónúrvinnslu. Rökhugsun hennar og ályktunarfærni sé nálægt meðallagi en námsleg staða hennar sé slök. Í athugun Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins frá 28. febrúar 1990 kemur fram að hún sé með alvarlega seinkun á málsviði, sé seinþroska og misþroska á öðrum sviðum.

Fyrir liggur örorkumat brotapolans D frá árinu 16. október 2003. Þar kemur fram að hún uppfylli læknisfræðileg skilyrði um hæsta örorkumat og gildistími þess sé varanlegur.

Þá liggur fyrir skýrsla U sálfræðings frá 3. desember 2010 um þroska og heilbrigðisástand brotapolans D. Í niðurstöðum hennar kemur fram að snemma hafi komið í ljós erfiðleikar við málþroska og [...]. Hún hafi átt erfitt með að læra og þurft stuðning alla skólagönguna. Hún hafi m.a. verið í sérkennslu og sérskólum vegna almennra námserfiðleika. Á unglingsaldri hafi farið að bera á hegðunarerfiðleikum og síðar geðrænum erfiðleikum. Hún hafi þurft mikla þjónustu í gegnum tíðina og búið á stofnunum eða sambýlum. Niðurstöður greindarprófunar sýni að hún sé á stigi vægrar greindarskerðingar. Fram komi góður áreiðanleiki mælingarinnar en hún mælist nokkuð jafnt slök á flestum þáttum greindarprófsins. Minni mælist slakt og allur almennur skilningur. Niðurstöður sýni einnig verulega skertan málþroska og að hún eigi erfitt með orðskilning og máltjáningu. [...] hennar auki málþroska hömlun. [...] hafi orðið talsverður vandi hjá henni og sé líklega orsök þess að hún hafi farið að [...]. Sjúkdómsgreiningar hennar séu persónuleikaröskun með óstöðugum geðbrigðum, væg greindarskerðing með talsverðum hegðunarerfiðleikum og [...]. Hún hafi lítinn skilning á umhverfi sínu og flestar aðstæður hennar séu henni erfiðar. Hún sé að því leyti leiðitamari en flestir að hægt sé að nota sér yfirburði í greind og almennri hæfni í samskiptum við hana. Þó geti hún líklegast á tímum sýnt erfiða hegðun og verið illa viðráðanleg og hún sé þá líklegast ekki leiðitöm. Það er mat sálfræðingsins að öllum ætti að vera það ljóst sem eigi samskipti við brotapolann að hún sé verulega takmörkuð í þroska og hún hafi talsverða geðræna erfiðleika. Vegna takmarkana hennar sé líklegt að hún sé leiðitöm þannig að þeir sem hafi greindarfarslega yfirburði yfir hana geti nýtt sér úrræðaleyfi hennar sér í hag. Segja megi að hún sé barnaleg í þroska og trúgjörn og einföld í hugsun. Þessi einfaldleiki í þroska ásamt talsverðri hvatvísi geri það að verkum að hún eigi erfitt með að sjá afleiðingar gjörða sinna og framkvæmi oftast án þess að huga að afleiðingunum.

Í þinghaldi í máli þessu 15. október 2019 var G sálfræðingur og prófessor dómkvödd til að meta þroska og heilbrigðisástand brotapolans D. Í ódagsettri matsgerð hennar kemur fram að brotapolinn eigi langa sögu um aðlögunarerfiðleika. Hún hafi verið ættleidd frá [...] þar sem hún hafi orðið fyrir misþyrmingum af hendi umönnunaraðila og vanrækslu. Erfiðleikarnir hafi komið fram fljótlega eftir ættleiðinguna, einkum á sviði málhömlunar og hvatvísi. Greiningar hafi leitt í ljós að hún væri verulega málskert, seinfær, með þroskahömlun og [...]. Hún hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun á unglingsárum sem ætla megi að hafi mótað sjálfsmynd og heimsmynd hennar verulega. Saga hennar og reynsla hafi lagst þungt á hana og sé líklega orsök erfiðleika á borð við kvíða, þunglyndi og sjálf skaða. Svo virðist sem hún hafi snemma fest í vítahring kynferðislegrar misnotkunar, en algengt sé að slíkt leiði til ýktrar kynferðislegrar hegðunar. Reynslan hafi byggt upp færni hjá henni sem hún nýti til að nálgast það sem hana vanti, svo sem peninga, en hún hafi litla aðra færni til að nálgast slíkt. Fötlun hennar geri hana að tilvöldu skotmarki fyrir misnotkun annarra, m.a. kynferðislegri misnotkun. Hún sé mjög líkleg til að skynja ekki strax ætlun einhvers sem hafi einbeittan brotavilja til að plata hana og blekkja. Lífsreynsla hennar hafi kennt henni að grípa tækifærið þegar það gefist og reyna að fá eitthvað út úr slíkum aðstæðum, eins og peninga. Ef henni er hótad til að halda hlýðni sé líklegt að hún trúi því sem sagt er og upplifi sér ógnað.

Í þinghaldi 16. júlí 2020 voru H geðlæknir og I sálfræðingur dómkvaddir til að gera yfirmat á brotapolanum D. Í matsgerð þeirra frá 31. maí 2021 kemur fram að málskilningur hennar sé takmarkaður og hún geti ekki leyst erfið verkefni. Engar vísbendingar komi fram um einkenni geðrofs, ranghugmynda, rugls eða ofskynjana við skoðanir. Brotapolinn sé örugglega með væga þroskahömlun. Hún hafi einnig persónuleikaröskun, ADHD, aðstæðubundið þunglyndi, [...] og kynlífsfíkn. Hún virðist þó skilja lög og reglur samfélagsins að mörgu leyti og skilji muninn á réttu og röngu. Hún sé með væga þroskahömlun og mælist í neðri mörkum vægrar þroskahömlunar á greindarvísitöluprófi og þurfi mikinn stuðning og þjónustu. Samanborið við aldurs- og kynbundin viðmið mælist frammistaða hennar skert á þeim taugasálfræðilegu prófum sem lögð hafi verið fyrir hana. Hún sé hvatvís, með ADHD og jaðarpersónuleikaröskun. Auk þess sé hún [...] og viðurkenni sjálf kynlífsfíkn. Hún sé áhrifagjörn og leiðitöm. Athugun á líðan hennar bendi ekki til hamlandi einkenna þunglyndis, kvíða og streitu. Hún sveiflist þó í lund og lítið þurfi til að hún fari úr jafnvægi. Við þær aðstæður grípi hún til sjálf skaðandi hegðunar. Brotapolinn skilji örugglega þýðingu verknaðarins en virðist hafa verið tæld og þvinguð af ákærða til þeirra hluta er lýst er í ákæru samkvæmt svörum til matsmanna. Það flæki málið að vinkona hennar virðist líka hafa haft áhrif á gerðir hennar og erfitt sé að átta sig á hvaða áhrif hún hafi haft í þessu máli. Reiði brotapolans virðist jafnvel vera enn djúpstæðari í hennar garð en ákærða. Engum dyljist

af útliti, hegðun og svörum brotapolans að hún eigi við þroskahömlun að stríða auk margra annarra erfiðra geðrænna vandamála. Hún skilji kynlíf og segist sjálf stunda sjálfsfróun tvisvar á dag auk þess sem hún hafi verið [...]. Samkvæmt lýsingum hennar hafi hún verið þvinguð og tæld til þeirra kynlífsathafna sem þetta mál snúist um og ekki viljað taka þátt. Hún hafi verið leiðitöm og áhrifagjörn og átt erfitt með að verja sig fyrir ákærða.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 27. janúar 2015 vegna brota í I. kafla ákærunnar. Hann kvað þær sakir sem brotapolinn A bæri á hann vera „hreinustu lygi“ þar sem hann ætti ekki bíl og hefði aldrei farið neitt akandi með henni. Hann kvaðst einu sinni hafa átt kynferðisleg samskipti við hana, á heimili hennar í október árið áður, og það hefði verið með hennar samþykki. Hún hefði beðið hann um að koma til sín og sagt að hún væri nakin í náttkjól. Hún hefði þrábeðið hann að koma þangað til hann hefði gefið eftir og fengið vin sinn til að keyra sig til hennar og bíða á meðan. Hann hefði jafnframt gert við tölvuna hennar þá. Hann hefði ekki fengið frið frá henni síðan. Hann hefði þekkt hana í 20 ár frá því hann hefði [...]. Hann kvaðst vita til þess að brotapolinn væri öryrki og starfaði ekki og hafa hitt hana á jólaballi fyrir lamaða og fatlaða. Hún hefði hins vegar góðan andlegan þroska, kynni að lesa og skrifa og gæti tjáð sig. Þá gæti hún skammast og rifist ef á þyrfti að halda.

Ákærði neitaði því að hafa hitt brotapolann 27. nóvember árið áður og farið með henni í N. Hann hefði hins vegar hitt hana tvisvar sinnum í O. Þar hefðu þau setið og spjallað og hún hefði keypt bjór fyrir hann. Hún hefði sagt honum að hún ætlaði að gefa honum bjórinn því hann væri maðurinn hennar. Hún hefði beðið hann um að trúlofast sér og kaupa trúlofunarhring. Hann hefði síðan gengið heim til sín. Ekkert annað hefði gerst. Hann hefði einungis hitt hana fyrir þrábænir hennar. Hann hefði ekki fengið stundlegan frið fyrir henni. Hann neitaði því að hafa verið með brotapolan að taka út pening í Kringlunni, en hann hefði þó hitt hana þar fyrir hennar beiðni og hún gefið honum bjór. Eina greiðslan sem hann hefði fengið frá henni hefði verið fyrir tölvuviðgerð. Hún hefði sent honum endalaus skilaboð á facebook og hann hefði reynt að losna við hana m.a. með því að spyrja í gríni hvort hann mætti pissa á hana.

Ákærði gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 10. júlí 2015 þar sem hann var spurður nánar út í ætlaða misneytingu eða fjárkúgun. Hann kvaðst þá hafa verið heima hjá sér þann dag sem þetta hefði átt að eiga sér stað. Hann neitaði því alfarið að hafa tekið við peningum af brotapolanum A og kvað hana enn skulda sér fyrir tölvuviðgerð. Hann hefði einu sinni hitt brotapolan í Kringlunni í janúar 2015 þar sem hún hefði verið með vinkonu sinni og hefði boðið honum á Subway. Hann hefði svo þurft að fara til að ná strætó.

Næst var tekin skýrsla af ákærða 17. febrúar 2017. Hann lýsti óbreyttri afstöðu. Hann kvaðst fara á jólaböll fyrir þroskaskerta á hverju ári með vini sínum. Spurður um

misræmi í fyrri framburði varðandi ferðir til að hitta brotapolan í Kringlunni neitaði hann að tjá sig.

Í skýrslu 14. mars 2018 var ákærði spurður um brotapolann B. Hann neitaði því alfarið að þekkja nokkuð til hennar eða hafa átt kynferðisleg samskipti við hana. Hann keyrði son sinn stundum í [...] en hefði ekki hitt brotapolann þar. Þá hefði hann ekki sótt neina konu í námunda við heimili hennar. Spurður um brotapolann C kvað hann hana vera gamla vinkonu.

Í skýrslutöku 19. sama mánaðar bar hann á sama veg. Spurður um tengiliðaupplýsingar brotapolans B í síma hans kvaðst hann telja að einhver annar hefði komið þeim fyrir þar, til að mynda brotapolinn C. Samskipti sem fundust við brotapolann B í símanum væru örugglega á ábyrgð brotapolans C. Spurður nánar um kynni sín og brotapolans C kvað hann þau hafa hist þrisvar til fjórum sinnum heima hjá honum í P og fengið sér bjór saman.

Önnur skýrsla var tekin af ákærða sama dag. Þar neitaði hann því alfarið að hafa brotið á neinn hátt gegn brotapolanum C. Hún hefði komið í heimsókn til hans á heimili hans í P og fengið bjór eða Baileys. Þau hefðu átt mjög lítil kynferðisleg samskipti en hann neitaði að tjá sig frekar um þau.

Enn var tekin skýrsla af ákærða 27. mars 2018. Hann neitaði þá enn að kannast við brotapolann B eða hafa átt nokkur samskipti við hana. Þá kannaðist hann ekki við ljósmyndir af henni sem fundust í tölvu hans. Hann kvaðst hins vegar vita hver brotapolinn D væri, en ekki þekkja hana. Hann hefði kannski talað tvisvar sinnum við hana í síma og hitt hana. Hann neitaði að hafa átt kynferðisleg samskipti við hana eða að hafa hóttað henni. Hann neitaði því að hafa farið með henni og brotapolanum C í bílferð í N og kvaðst ekki hafa átt bíl á þessum tíma. Brotapolinn C væri gömul vinkona hans. Kynferðisleg samskipti þeirra hefðu verið með hennar samþykki en hann vildi ekki tjá sig frekar um þau. Spurður um nektarmynd í tölvunni hans sem talin var af brotapolanum C neitaði hann því að svo væri en gat ekki greint frá því af hverjum hún væri eða hvers vegna hana væri að finna í tölvunni hans. Hann kannaðist ekki við að brotapolarnir hefðu andlega annmarka eða þroskaskerðingu eða að þær hefðu greint frá slíku. C væri til að mynda bara frek kona. Þá hefði hann sjálfur ekki neina andlega annmarka, en hefði þó glímt við kvíða. Hann taldi mögulegt að kærur á hendur honum væru samantekin ráð þessara kvenna, en hann hefði ekki aðra skýringu á þeim.

Í skýrslu 7. maí 2019 var ákærði spurður um samskipti sín við brotapolann C. Hann neitaði alfarið að tjá sig um þau. Spurður um brotapolann D kvaðst hann ekki þekkja hana og aldrei nokkur tímann hafa átt kynferðisleg samskipti við hana. Hann kvaðst síðast hafa hitt brotapolann C á jólaballi þar sem hún hefði elt sig á röndum og ekki látið sig í friði. Hún hefði jafnvel sett sig í samband við systur hans til að fá símanúmer hans en ekki fengið. Hann hefði hvorki hringt í hana né sent henni skilaboð

enda vildi hann alfarið fá frið fyrir henni. Þá hefði hann ekki átt nein samskipti við hana á netinu. Spurður um kynferðisleg samskipti við brotapolann á því sama ári neitaði hann því alfarið að það hefði átt sér stað. Þegar borin voru undir hann samskipti við brotapolann á messenger kvaðst hann telja að brotist hefði verið inn í tölvuna hans eða á facebookið hans en þessi skilaboð stöfuðu ekki frá honum. Spurður um tengingar milli síma þeirra neitaði hann alfarið að tjá sig. Þá kvaðst hann aldrei hafa lofað henni peningum eða neinu öðru.

Í annarri skýrslu sama dag voru messenger samskipti við brotapolann B borin undir ákærða. Hann neitaði alfarið að tjá sig um þau.

Undir rannsókn málsins hjá lögreglu var U sálfræðingur dómkvaddur sem matsmaður til að greina þroska og heilbrigðisástand ákærða. Í niðurstöðu matsgerðar hans, frá 4. júlí 2018, kemur fram að ákærði hafi enga sögu um geðrofssjúkdóm eða önnur alvarleg geðræn veikindi. Hann sé ekki á neinum lyfjum og ekkert komi fram sem bendi til skerðingar á dómgreind vegna geðsjúkdóms. Hann hafi líklegast á tímabilum verið þunglyndur og kvíðinn en hvorugt hamli honum í vinnu. Hann stríði ekki við áfengis- eða vímuefnavanda. Hann hafi greinileg þroskavandamál og það komi fram á greindarprófum sem hafi verið framkvæmd annars vegar á Litla Hrauni í febrúar 2017 og hins vegar hjá matsmanninum. Frammistaðan sé mun slakari í greindarprófinu sem hann hafi gert. Í ljósi þess að ákærði vilji vera metinn með þroskaskerðingu verði að gera ráð fyrir þeim möguleika að hann hafi reynt að koma illa út úr prófinu. Ef miðað er við bæði greindarprófin ásamt öðrum upplýsingum, eins og skólagöngu, vinnusögu og sögu um aðlögunarfærni, verði að telja að ákærði sé með heildargreind á tornæmisstigi, en ólíklegt sé að hann myndi uppfylla viðmið fyrir þroskahömlun. Til þess að svo myndi verða þyrfti hann að vera mældur með greindarprófi auk þess sem aðlögunarfærni þurfi að vera verulega skert. Ákærði hafi getað unnið, verið í löngum samböndum, klárað meirapróf og búið sjálfstætt. Hann hafi haldið vinatengslum og sinnt öllum daglegum hlutum. Aðlögunarfærni hans sé því ekki verulega skert. Hann geti átt í eðlilegum samskiptum við fólk, en samskiptin séu þó á frekar einföldum grunni. Hann eigi líklegast erfitt með að skilja mjög flókin samskipti. Ljóst sé þó að hann geri greinarmun á hvað sé rétt og rangt og geri sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Ákærði hafi verið nokkuð óskýr varðandi sakarefnið og forðast að mæta í lokaviðtal þar sem ljóst hafi verið að matsmaður ætlaði að spyrja hann nánar um það. Fleiri viðtöl hefðu hjálpað til að fá betri mynd af persónugerð hans og samræmi í frásögn. Ljóst sé þó að hann láti ekki stjórna sér og hann sé slunginn við að forðast að tala um hluti sem henti honum ekki. Hann hafi meðvitað forðast óþægilegar spurningar undir matinu. Hann hafi verið tvísaga og margt stemmi ekki í frásögn hans. Ákærði hafi því ágæta færni að mörgu leyti. Það sé alveg ljóst að hann hafi færni til að nota sér andlegt ástand brotþola. Þá sé hann ekki líklegur til að breyta hegðun sinni.

Í þinghaldi 15. október 2019 voru V geðlæknir og T sálfræðingur dómkvaddir til að framkvæma yfirmat á þroska og heilbrigðisástandi ákærða. Með erindi verjanda ákærða 8. nóvember 2019 krafðist hann þess að yfirmatsmanninum T sálfræðingi yrði vikið frá yfirmatinu vegna vanhæfis. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 12. nóvember 2019 var kröfu verjandans hafnað. Með úrskurði Landsréttar 26. nóvember 2019 var hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að dómkveðja hæfan og óvilhallan mann til að framkvæma yfirmatið. Þar sem sækjandi og verjandi töldu framangreinda niðurstöðu Landsréttar benda eindregið til þess að sá sálfræðingur sem vann undirmat á ákærða, hafi einnig verið vanhæfur til að framkvæma matið, var ákveðið að V geðlæknir skyldi dómkvaddur til að gera undirmat á ákærða og var hann dómkvaddur í því skyni 12. desember 2019.

Í matsgerð V geðlæknis frá 8. apríl 2020 er greint frá aðstæðum ákærða og andlegri heilsu. Fram kemur að hann hafi neitað öllum sökum sem bornar séu á hann. Þar er vísað til þess að tvö greindarmöt hafi verið gerð á ákærða. Matsmaðurinn telur yfirgnæfandi líkur til þess að niðurstaða greindarmats U sálfræðings frá því í júlí 2018 sé nær sanni, en niðurstaða þess sé 61 IQ stig. Innra samræmi sé í matinu sem styðji niðurstöðurnar. Þá sé það í samræmi við skólagöngu ákærða og fyrirbyggjandi einkunnir úr 7. og 8. bekk grunnskóla. Ákærða hafi gengið illa að læra að lesa og í matinu komi fram slakur lesskilningur og nær alger blinda á tölur. Frásögn hans sé óskipuleg og breytileg milli viðtala án þess að ætla að hann sé í sjálfu sér að segja ósatt. Það komi á óvart að hann hafi náð meiraprófi á bíl en hann greini sjálfur frá því að honum hafi verið hjálpað og matsmaðurinn hafi fengið staðfest að slíkt hafi ekki verið óalgengt á þessum tíma. Ákærði segist sjálfur hafa átt erfitt með [...] þegar hann hafi reynt að starfa sem [...]. Hann hafi getað unnið einfaldari störf, a.m.k. á köflum. Hann hafi átt í nokkrum samböndum við konur, en segi að þær hafi allar slitið sambandinu. Niðurstaða matsmannsins er að ákærði sé haldinn vægri þroskahömlun en það sé fötlun sem þeir sem hafi greindarvísitölu milli 50 og 70 falli undir. Þeir einstaklingar sem falli undir þennan hóp geti oftast bjargað sér að einhverju leyti í lífinu en þurfi iðulega að sæta einhverju eftirliti. Að auki hafi ákærði veruleg kvíða- og þunglyndiseinkenni og líkamlegt ástand hans sé ekki gott.

Í þinghaldi 7. júlí 2020 var V geðlæknir dómkvaddur til að meta sakhæfi ákærða. Í niðurstöðukafla matsgerðar hans, frá 1. september 2020, kemur fram að það komi á óvart að á yfirborðinu geti ákærði talað almennt um mál, sérstaklega íþróttir, og hafi lokið meiraprófi. Þroskahömlun sú sem ákærði sé haldinn falli undir 15. gr. almennra hegningarlaga þar sem talað sé um andlegan vanþroska sem verði til þess að á tímabilum verði þeir einstaklingar alls ófærir um að stjórna gerðum sínum. Ef einhver vafi leiki á því að 15. gr. eigi við sé hafið yfir allan vafa að með vísan til 16. gr. almennra hegningarlaga sé refsing í formi fangelsisvistar algerlega tilgangslaus, ef sök sannast. Til

viðbótar við þroskaskerðingu ákærða hafi hann um nokkurt skeið verið haldinn alvarlegu þunglyndi og kvíða. Félagsleg staða hans sé mjög bág og netið í kringum hann veikt. Nauðsyn beri til að styrkja það með öllum hætti en eftirlit heilsugæslu og félagsþjónustu ætti að vera nægilegt til að varna því að hætta geti stafað af honum í framtíðinni. Þá leggur matsmaður til að skipaður verði tilsjónarmaður með ákærða sem geti haft almennt eftirlit með líðan hans og tryggt eins og verða megi að hann fái þjónustu heilbrigðis- og félagslega kerfisins eins og hann eigi rétt á.

Í þinghaldi 27. október 2020 voru geðlæknarnir Þ og Æ dómkvödd til að gera yfirmat á ákærða. Í samantekt og niðurstöðum matsgerðar yfirmatsmanna, dags. 1. febrúar 2021, kemur fram að þau sé ósammála þeirri niðurstöðu undirmats að heildartala greindar ákærða í prófunum U sálfræðings sé sennilegri en úr fyrra greindarprófinu sem framkvæmt var af sálfræðinema undir handleiðslu sálfræðings fangelsismálastofnunar, þar sem heildartala greindar ákærða mældist 76 stig. Sálfræðingurinn hafi sjálfur talið prófið vanmeta getu ákærða og ekki talið hann vera með þroskahömlun, heldur væri líklegra að greind hans væri á tornæmisstigi, sem sé greind á bilinu 70-85 stig. Fyrra greindarprófið styðji þessa niðurstöðu. Greindarpróf séu alstöðluð að uppbyggingu. Minni líkur séu þannig á að við framkvæmd slíkra prófa sé mikill munur á niðurstöðum tveggja fagaðila. Meiri líkur séu á að munur á milli fagaðila komi fram í óstöðluðum viðtölum. Fimmtán stiga munur sé mikill á þessum prófum. Ef gert er ráð fyrir hámarksmun á greindarmati sérfræðinga í sálfræði og sálfræðinema við notkun prófsins, þar sem sýnt sé að nemar hafi tilhneigingu til að meta skjólstæðinga ívið hærra, myndi það þýða í tilviki ákærða að skor hans væri hugsanlega 71 stig í stað 76. Þá komi fram í áliti U að verið geti að ákærði hafi séð sér hag í því að koma verr út úr prófinu í ljósi þeirra ásakana sem á hann hafi verið bornar. Ekki sé hægt að svindla þannig á greindarprófi að maður komi betur út en eiginleg geta sé. Hins vegar sé hægt að standa sig viljandi verr telji maður sig hafa hag af því. Yfirmatsmenn telji það líklegra en að vankunnátta sálfræðinema skýri svo mikinn mun á niðurstöðum prófanna. Einnig sé vert að velta fyrir sér mögulegum þætti þunglyndis á niðurstöður seinna prófsins. Skýrlega komi fram að ákærði uppfylli skilmerki þunglyndis þegar mat undirmatsmanns og U hafi farið fram, þótt hann hafi ekki verið orðinn alvarlega þunglyndur þegar mat U hafi farið fram. Vel sé þekkt að einkenni þunglyndis hafi áhrif á vitræna getu til hins verra. Að mati yfirmatsmanna geti miðlungs alvarlegt þunglyndi þó ekki skýrt mun á greindarprófum upp á 15 stig.

Aðrir þættir sem styðji að greind ákærða sé frekar á tornæmisstigi en að hann sé með þroskahömlun séu þeir að hann hafi öll sín fullorðinsár verið sjálfstæður. Hann hafi verið í löngum samböndum við konur, unnið á almennum vinnumarkaði og honum hafi haldist á störfum til lengri tíma, þrátt fyrir ýmsa erfiðleika. Hann hafi tekið meirapróf, keyrt [...], án sögu um umferðaróhöpp. Hann hafi átt vini og geti átt í eðlilegum samskiptum við fólk.

Færni hans á ýmsum sviðum sé klárlega undir meðallagi og greindarprófin bendi til ákveðins misstyrks í getu. Hann virðist eiga erfitt með vinnsluminni og tölur en sé hins vegar ágætlega máli farinn og vel fær um að eiga skrifleg samskipti. Þótt hann lýsi ósigrum á vinnumarkaði þar sem öll störf hafi endað með uppsögn sé vert að horfa til þess fjölda af störfum sem hann hafi, að sögn, sótt um og fengið á eigin spýtur. Þá spanni starfsferill hans hjá fyrirtækinu [...] mörg ár. Þar hafi hann ekið [...] án þess að minnst þess að hafa orðið valdur að umferðaróhöppum. Ákærði hafi fram að þessu bjargað sér í sínu daglega lífi og sýnt nokkuð góða aðlögunarfærni, sem sé mikilvægur þáttur í að meta greind. Sú aðlögunarfærni samræmist ekki því að heildartala greindar sé einungis 61. Líklegra sé að heildargreind hans sé í kringum 70 eða yfir. Þá megi benda á að ákærði hafi í gegnum yfirheyrslur og mót verið samkvæmur sjálfum sér í því að neita staðfastlega sakarefnum, þótt vissulega gæti misræmis í skýringum hans. Það sýni að hann hafi nokkra seiglu, hann haldi alltaf andliti og beri af sér sakir, einnig þegar hann sýni einkenni um alvarlegt þunglyndi. Þetta styrki einnig þá niðurstöðu að hann sé ekki þroskahamlaður. Yfirmatsmenn telja endurtekningu greindarprófs í dag ólíklega til að skera úr um hvar hann standi í raun. Ástæða þess sé að þau telji að hann sjái sér hag í því að standa sig illa, auk þess sem hann sé með viðvarandi einkenni alvarlegs þunglyndis sem geti haft áhrif á niðurstöðuna.

Sú háttsemi sem ákærða er gefin að sök bendi sterklega til þess að hann viti hvað hann sé að gera. Þar sem um fleiri sambærileg mál sé að ræða geti yfirmatsmenn ekki séð að ákærði sé stjórnlaus í samskiptum sínum við brotþola. Ef brotþolar hefðu verið betur staddar hefðu þær getað sett honum skýr mörk og ekki látið stjórnast af honum eða tekið hann trúanlegan. Greinilegt sé að allir brotþolar hafi mun lakari aðlögunarfærni en ákærði, þar sem þær hafi allar þurft meiri stuðning, m.a. hvað varði búsetu og atvinnu. Í skilaboðum sem liggja fyrir í málinu, milli ákærða og brotþola, megi sjá að hann beiti allnokkrum klókindum og virðist spila inn á einfaldni brotþola. Á sama hátt og varði frammistöðu á almennum vinnumarkaði sé það mat yfirmatsmanna að slík klókindi samræmist því ekki að ákærði sé vægt þroskahamlaður.

Þrátt fyrir að ákærði sé með greind á tornæmisstigi og jafnvel þótt heildartala greindar hans reynist undir 70 sé ekki þannig ástatt um hann að hann sé ekki fær um að beita þvingunum eða ofbeldi. Tornæmi og væg greindarskerðing útiloki fólk ekki frá því að beita aðra þvingunum eða ofbeldi. Það sé því niðurstaða yfirmatsmanna að ákærði hafi verið fær um að notfæra sér andlegt ástand brotþola til að hafa við þær samræði eða önnur kynferðismök.

Engar vísbendingar hafi komið fram um einkenni geðrofs, ranghugmynda, rugls eða ofskynjana. Ekki hafi heldur komið fram merki um svo alvarlega persónuleikaröskun eða heilaskaða að þau firri ákærða ábyrgð gerða sinna. Við mat á því hvort 15. gr. almennra hegningarlaga eigi við í máli ákærða telji yfirmatsmenn að sakhæfi velti á mati á hæfni hans

út frá metnu greindarfari. Tornæmi, svo sem yfirmatsmenn telji eiga við um ákærða, falli ekki undir andlegan vanþroska, sem verði til þess á tímabilum að einstaklingar verði alls ófærir um að stjórna gerðum sínum. Ætluð brot ákærða hafi átt sér stað yfir langan tíma og ljóst sé að hann hafi verið fær um að stjórna gerðum sínum á þessu tímabili. Ákvæði 15. gr. almennra hegningarlaga eigi því ekki við.

Matsmenn telja mögulegt að ákærði hafi ekki alltaf innsæi í að atferli hans sé óeðlilegt. Þó sé ljóst að hann skilji muninn á réttu og röngu og sé fær um að beita klókindum í samskiptum við brotþola til að fá sínu framgengt. Hann sé ekki á neinn hátt stjórnlaus í þeim samskiptum, frekar skipulagður og ýtinn. Yfirmatsmenn telja að ákærði geri sér grein fyrir því að atferli hans sé af öðrum metið óeðlilegt og brotlegt við lög og það útskýri hegðun hans og staðfestu í neitun sakarefna.

Ákærði hafi áður afplánað dóm og það sé mat yfirmatsmanna að hann þoli fangelsisvist. Ekkert bendi til þess að greind hans eða aðlögunarfærni sé það skert að hann þoli hana ekki. Yfirmatsmenn telja að ákærði skilji hvað það þýði að fara í fangelsi og að það sé eðlilegt að hann fari í fangelsi brjóti hann af sér. Tvö áhættumöt hafi farið fram á ákærða 2017 og 2018 og niðurstaða þeirra sé sú að miðlungs til há áhætta sé á endurteknum kynferðisbrotum hjá ákærða. Yfirmatsmenn telji þessa hættu viðvarandi. Það sé þó vel mögulegt að ákærði geti endurhæfst í fangelsi og að refsing geti borið árangur. Mikilvægt sé að unnið verði ákveðið að endurhæfingu fari hann í fangelsi. Þótt ákærði hafi í gegnum árin sýnt ágæta aðlögunarfærni og getað séð um sig sjálfur sé hann nú illa staddur og eigi í erfiðleikum með að takast á við afleiðingar gjörða sinna. Hann varpi allri ábyrgð yfir á aðra og sé alvarlega þunglyndur, en þunglyndið sé bein afleiðing af þeim aðstæðum sem hann sé í. Það breyti þó engu um niðurstöðu matsins. Geðheilbrigðisþjónusta í fangelsum hafi verið bætt verulega og því ætti ákærði að geta fengið þjónustu við hæfi þar. Það sé því mat yfirmatsmanna að 16. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við um ákærða.

Undir aðalmeðferð málsins lagði dómurinn fyrir sækjanda að afla frekari gagna varðandi hagi ákærða og félagslega aðlögun. Var m.a. aflað gagna um skólagöngu hans og atvinnusögu. Gögnin voru borin undir yfirmatsmenn og að því loknu skiluðu þau greinargerð. Töldu matsmennirnir framkomin gögn ekki hafa áhrif á mat sitt. Ekkert í gögnunum styðji að ákærði hafi greind undir viðmiðunarmörkum fyrir þroskahömlun. Hvað honum hafi gengið illa í skóla skýrist að öllum líkindum af því að hann hafi greind á tornæmisstigi og einnig sé líklegt að hann hafi glímt við andlega vanlíðan í æsku sem hafi haft áhrif á einbeitingu hans og getu í bóklegum fögum. Hann hafi alist upp við erfiðar félagslegar aðstæður þar sem faðir hans hafi verið drykkfelldur og beitt móður hans ofbeldi. Þá virðist ekki lengur vera vafi á því að hann hafi staðist þær kröfur sem hafi verið nauðsynlegar á þeim tíma til að standast ökuréttindi C og síðar D. Þá virðist hann ráða ágætlega við starf sitt í dag, sem krefjist þess að hann rati á mismunandi staði á höfuðborgarsvæðinu. Það sé því niðurstaðan að fyrra mat standi óbreytt.

Mál þetta var þingfest 23. ágúst 2019 og hefur málsmeðferðin fyrir dóminum því tekið verulegan tíma. Ástæður þess eru margvíslegar en einkum var það vegna dómkvaðningar matsmanna og yfirmatsmanna til að meta nánar tilgreind atriði varðandi ákærða og brotapolana alla. Þá hafði heimsfaraldur kórónuveiru talsverð áhrif á það ferli. Einnig var beðið niðurstöðu í rannsókn annars máls á hendur ákærða sem stóð til að sameina málinu en það var fellt niður. Að auki lagði dómurinn fyrir ákærvaldið að afla frekari gagna varðandi aðstæður ákærða undir aðalmeðferð málsins og dróst dómataka málsins af þeim sökum.

### **Framburður ákærða og vitna fyrir dómi**

Ákærði neitaði að tjá sig um sakarefnið fyrir dóminum, sbr. 2. mgr. 113. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hann átti hins vegar fund með dómendum þar sem hann svaraði spurningum um aðstæður sínar og heilsufar. Hann greindi frá því að málið hefði haft alvarlega afleiðingar á andlega heilsu hans. Það hefði reynst sér mjög þungbært og hann hefði undanfarið glímt við mikið þunglyndi. Hann kvaðst vera mikið heima hjá sér og ekki eiga í samskiptum við marga. Sonur hans hefði hjálpað honum að fá hlutastarf sem [...] hjá [...]. Hann æki á milli staða en hefði aðstoðarmann með sér til að sækja hluti því hann treysti sér ekki til þess. Hann ætti að vinna í fjórar klukkustundir á dag en entist aldrei lengur en eina og hálf. Hann sé öryrki og hafi P-merki í bílnum vegna hreyfigetu. Síðustu tvö árin hafi hann búið í P. Hann geti ekki séð um heimilið sjálfur og fái aðstoð frá félagsmálayfirvöldum við þrif. Unnusta hans, Z, heimsækti hann annan til þriðja hvern dag. Hún sæi um öll hans fjármál þar sem hann gleymdi að borga húsaleigu og aðra reikninga. Rafmagnið hefði til að mynda oft verið tekið af því hann borgaði ekki rafmagnsreikningana. Þá skuldaði hann skattinum og fleiri aðilum. Utan unnustunnar ætti hann samskipti við son sinn, systur og móður en þau væru ekki mikil. Ákærði lýsti erfiðum uppeldisaðstæðum þar sem faðir hans hefði átt við áfengissýki að etja og hefði lagt hendur á þau systkinin og móður hans. Hann taldi að hann hefði átt að fara í Öskjuhlíðarskóla, en hann hefði neitað því og ekki hefði orðið af því.

Brotapolinn A kvaðst hafa kynnst ákærða þar sem hann hefði [...]. Þeim hefði orðið vel til vina en þau væru ekki lengur vinir. Hann hefði sent henni vinaboð á facebook undir nafninu Y. Hún hefði ekki gert sér grein fyrir því að um hann væri að ræða fyrr en þau hefðu hist. Eitt sinn hefði hann þóst ætla með hana í sumarbústaðarferð en þegar til hefði komið hefði hann sagt að mamma hans væri í sumarbústaðnum og hefði ekið með hana upp í N í staðinn. Ákærði hefði stöðvað bílinn og komið aftur til hennar. Hann hefði viljað að hún legðist og hann færi ofan á hana og hefði við hana samræði. Hún hefði hins vegar ekki viljað það. Í staðinn hefði ákærði snert brjóst hennar, fróað sér og „sprautað sæðinu“ á milli brjóstanna á henni. Þegar borinn var undir hana framburður hennar hjá lögreglu mundi hún eftir því að ákærði hefði einnig látið hana totta sig. Eftir

Þetta hefði hann hótað því að láta hana fara út úr bílnum. Hún hefði öskrað en tveir frændur hennar sem hefðu verið þarna nálægt hefðu heyrt það og komið og spurt hvað væri um að vera. Ákærði hefði þá sagt að hann væri að fara að keyra hana heim. Hann hefði síðan skilið hana eftir fyrir ofan Borgarspítalann. Hún hefði gengið niður fyrir spítalann og farið í rannsókn en svo haft samband við kærastann sinn þar sem hefði verið komið myrkur og henni hefði ekki litist á að ganga ein heim í myrkrinu. Kærastinn hennar hefði gengið til hennar og þau hefðu farið saman heim en hún hefði ekki sagt honum hvað hefði gerst þar sem ákærði hefði bannað henni að segja honum frá þessu.

Hún kvaðst líka hafa hitt ákærða í O að hans beiðni tvisvar til þrisvar, en hann hefði búið þar nálægt. Hún hefði tekið ferðabjónustubíl þangað. Þar hefði hann haft samræði við hana á kvennaklósettinu og líka heimtað að hún keypti fyrir sig skó sem hann hefði enn ekkert borgað fyrir. Þetta hefði verið nálægt jólum. Henni hefði ekki litist á að fara með honum á klósettið og dregið í efa að þau mættu fara saman á klósett þar en hann hefði þá hótað henni því að þessa yfir hana eða skíta á hana. Hann hefði krafist þess að hún legðist í gólfið og þau hefðu þurft að taka saman skiptiborðið og hún lagst í gólfið undir það þar sem hann hefði haft samræði við hana um leggöng. Það hefði ekki verið um endaparm en að auki hefði hún þurft að sleikja typpið á honum. Þetta hefði endað með því að ákærði hefði fengið sáðlát. Hún hefði ekki verið sátt við að þetta gerðist.

Ákærði hefði komið heim til hennar oft en einu sinni þegar hann hefði vantað peninga. Eitt sinn hefði hann komið ásamt öðru fólki, dregið hana út og látið vini sína, E og konuna hans, keyra þau í Kringluna. Þar hefði hann staðið yfir henni þangað til hún hefði farið í hraðbankann og tekið út peninga fyrir hann. Ákærði hefði heimtað um 10 þúsund krónur. Hann hefði sagt henni að annars myndi „hún drepa hann“. Hann hefði alltaf þótt að greiða til baka en það hefði ekki gerst.

Hún taldi að eitthvað kynferðislegt hefði einu sinni gerst heima hjá henni. Það hefði verið svipað því sem gerðist í O og hefði endað með sáðláti ákærða. Hún kvaðst aldrei hafa verið í sambandi með ákærða. Hann hefði talað um að hún myndi verða kærastan hans og viljað gefa henni hring, en hún hefði ekki viljað það auk þess sem hún hefði átt annan kærasta á þessum tíma. Hún kannaðist við að hafa sent honum jólakort vegna þess að hann hefði sagt að hún væri konan sín. Hún hefði hins vegar óttast ákærða og hótanir hans.

Brotapolinn greindi frá aðstæðum sínum, en hún kvaðst búa í húsnæði á vegum [...]. Hún væri 75% öryrki en vissi ekki hvers vegna. Hún fái aðstoð við þrif og heimsendan mat auk þess sem móðir hennar aðstoði hana við fjármálin. Hún væri í vinnu hjá [...].

Vitnið Ö, móðir brotapolans A, kvaðst vita til þess að dóttir hennar hefði kynnst ákærða [...]. Hann hefði alltaf verið að biðja hana um peningalán og hún hefði vorkennt honum og því lánað honum. Mörgum árum síðar hefði hann aftur komið inn í líf hennar.

Brotapolinn hefði greint sér frá því að hún væri að hitta hann og hún hefði greint frá kynferðislegum samskiptum þeirra. Hún hefði sagt henni að hann hefði farið með hana upp í N og hótad að skilja hana þar eftir. Þá hefði hún jafnframt greint frá atviki í O. Ákærði hefði skipað henni að leggjast á gólfið en hún hefði ekki getað það heldur lagst á fjóra fætur og hann haft mök við hana þannig. Brotapolinn hefði sagt frá þessu fyrir um þremur árum og þá hljómað eins og þetta væri nýskeð. Þá hefði hún sagt frá því að ákærði hefði láta hana fara með honum í Kringluna þar sem hún hefði þurft að taka út peninga fyrir hann. Hana minnti að það hefðu verið 30.000 krónur. Brotapolinn hefði hringt grátandi í sig eftir þetta atvik. Hún kvað brotapolann vera með þroska á við lítið barn og hafa stundað nám í Öskjuhlíðarskóla þar sem henni hefði vegnað illa í námi og ekki átt vini. Henni finnst gaman að leika við börn og vilji öllum vel. Auðvelt sé að fá hana til þess að gera hluti. Hún hefði átt kærasta sem hún hefði búið með í um tíu ár, en því hefði lokið árið 2017. Brotapolinn búi ein en eigi erfitt með að gera margt og fái því þjónustu heim. Þá aðstoði fjölskyldan hana við fjármálin og skammti henni fjárhæðir inn á reikning sem hún geti tekið út af með korti. Hún hafi stundað atvinnu fyrir fatlað fólk. Heilsu brotapolans hafi hrakað verulega eftir að [...], hún hafi minni orku og andlegri getu hennar hafi hrörnað. Þá glími hún við [...].

Vitnið Á, systir brotapolans A, kvað systur sína hafa kynnst ákærða þar sem hún hefði verið [...]. Einhverju sinni hefði hann boðið henni í bíltúr og farið með hana upp í N. Hún hefði greint frá því að hafa orðið hrædd því hann ætlaði að skilja hana eftir af því að hún hefði neitað að gera það sem hann hefði beðið um. Hún hefði lýst því að ákærði hefði fróað sér og látið sæðið fara á milli brjósta hennar. Hún hefði orðið hrædd og öskrað og hann þá viljað reka hana út úr bílnum. Ákærði hefði heimsótt brotþola og þrisvar sinnum beðið hana um að fara með sig í hraðbanka og taka út peninga. Hann hefði einu sinni fengið hana til að fara með sér í O þar sem hann hefði skipað henni að fara inn á klósett þar sem hann hefði látið hana beygja sig niður á hné og haft þar við hana kynmök aftan frá. Hún hefði farið með systur sinni á lögreglustöð að kæra brot ákærða. Á þeim tíma hefði hún nýlega verið búin að greina frá háttsemi ákærða. Hún lýsti því að brotapolinn væri mjög dugleg við að sjá um sig, búi ein og fái aðstoð við þrif og heimsendan mat. Eftir að hún hafi [...] hafi hún notast við ferðaþjónustu fatlaðra. Vitnið kvaðst hafa aðstoðað hana við að loka á ákærða á facebook að hennar beiðni.

Vitnið Ð, systir brotapolans A, kvað systur sína hafa kynnst ákærða fyrir nokkru en hafa hætt samskiptum við hann. Svo hafi hann komið inn á facebook undir nafninu Y og farið að hafa samband við hana aftur. Brotapolinn hefði farið að láta hann hafa peninga. Hún hefði greint frá því að ákærði hefði farið með hana í hraðbanka og því að hann hefði farið með hana í O og nauðgað henni. Þá hefði hann farið með hana í N. Hún hefði lýst því að ákærði hefði þar hent henni í grasið og á fjóra fætur og ætlað að fara sínu fram. Frændur hennar hefðu komið þar að og viljað keyra hana heim en ákærði hefði

neitað því og viljað fara með hana sjálfur en hann hefði svo skilið hana eftir töluvert fyrir ofan heimili hennar. Hún hefði sagt að hún hefði farið á spítala og látið athuga sig. Frásögn brotþola væri stundum ruglingsleg en hún virtist segja þeim sífellt meira um þetta. Af lýsingum hennar að dæma hafi hún óttast samskiptin við ákærða og ekki viljað þetta. Þá hefði hún lýst hótunum af hálfu ákærða. Vitnið kvaðst hafa séð skilaboð á milli ákærða og brotþola á messenger. Þau hefðu verið „sóðaleg“ og kynferðistengd. Hún sagði systur sína vera einfalda og kannski trúgjarna. Hún geti þó líka verið þrjósk og aðgangshörð. Henni hafi hrakað mikið frá því hún hafi [...]. Hún eigi miklu erfiðara með [...] og hafi hrakað andlega.

Vitnið *É*, vinur ákærða, kvaðst hafa keyrt ákærða heim til brotþolans A í blokk sem væri ætluð [...], beðið fyrir utan og keyrt hann svo heim aftur. Ákærði hefði sagt að hann væri að aðstoða hana með tölvu. Þetta hefði tekið um hálf tíma. Hann hefði sagt að þetta hefði verið eitthvert vesen en hefði gengið fyrir rest. Þessi atburður hefði verið að vetri til en hann gat ekki tímasett það nánar. Spurður um framburð sinn hjá lögreglu um að þetta hefði verið fyrir jólin 2014 kvað hann það geta passað. Ákærði hefði sagt sér að hann væri að hitta A en ekki greint nánar frá tengslum sínum við hana.

Vitnið *E* kvaðst hafa þekkt ákærða lengi. Hann kvaðst vita til að hann hefði verið í samskiptum við brotþolann A. Á árinu 2017 hefði hann keyrt þau í Kringluna þar sem hún hefði verið að fara að lána honum peninga. Konan hans hefði verið með í bílnum og þau hefðu beðið fyrir utan og svo ekið aftur heim til brotþolans. Ákærði hefði sagt honum að brotþoli hefði látið hann hafa peninga. Hann kvaðst halda að ákærði hefði ekki borgað til baka.

Vitnið *Í* kvað eiginmann sinn, E, hafa sagt sér að hann hefði ekið með ákærða og brotþolann A í Kringluna til að fara í hraðbanka fyrir nokkrum árum. Hún kannaðist þó ekki við að hafa verið í bílnum. Hún kvaðst þekkja til ákærða og vita hver brotþolinn er en ákærði hefði þó aldrei talað um hana við sig.

Brotþolinn *B* kvaðst hafa kynnst ákærða í gegnum [...]. Sonur hans hefði verið þar og ákærði hefði oft komið þangað að sækja hann. Ákærði hefði síðan sent henni vinabeiðni á facebook fyrir mörgum árum undir nafninu Y en hún hefði fyrst ekki áttað sig á að þetta væri hann. Hún hefði ekki vitað hver hann væri fyrr en þau hefðu hist einhverjum mánuðum síðar. Hann hefði sent henni skilaboð á messenger og m.a. sagt henni að hann væri þrítugur, sem síðar hefði komið í ljós að var ekki rétt. Hann hefði sagt henni að hann langaði til að vera kærastinn hennar, að hann ætti trúlofunarhring og vildi trúlofast henni. Síðan hefði hann sent henni skilaboð um að hún ætti að taka myndir af sér en síðar hótað því að birta þær á netinu. Hún hefði ekki verið viss um hvort hún ætti að senda honum myndir en hefði þó fallist á það og ekki áttað sig á því fyrr en seinna að þetta væri rangt.

Ákærði hefði þrisvar sótt hana í nálæga götu og farið með hana heim til sín í P og einu sinni hefði hún farið sjálf heim til hans. Hann hefði aldrei viljað sækja hana heim til hennar. Hún hefði viljað hitta hann þar sem hún hefði trúað því að hann vildi trúlofast sér og hún hefði í upphafi talið hann vera á svipuðum aldri og hún sjálf. Fyrst hefði hún ekki vitað hvert þau voru að fara. Hann hefði farið á bak við hús í port og þau síðan inn í íbúðina. Hann hefði viljað að hún færi úr en hún hefði ekki viljað það. Þá hefði hann verið leiðinlegur og dónalegur en hún hefði staðið föst á því. Í fyrstu skiptin hefði hann beðið hana um að fróa sér og haldið hendi hennar á meðan. Þá hefði hann snert brjóst hennar. Hann hefði ekki viljað leyfa henni að sleppa fyrr en hann væri búinn að fá það. Í síðasta skiptið hefði hann verið mjög dónalegur og hún hefði verið hrædd þar sem hann hefði látið hana veita sér munnmök og sleikja á sér punginn og haldið höfði hennar til þess. Hún hefði sagt honum að hún vildi ekki gera þetta. Hann hefði sagt henni að hann væri með hring inni í skáp en hann hefði svo ekki verið þar. Ákærði hefði sagt að eitthvert barn sem hefði verið hjá honum hefði örugglega tekið hringinn. Eftir þetta hefði hann viljað að hún færi og sagt að hann væri þreyttur og þyrfti að leggja sig. Þegar hún hefði komið út hefði hún hitt stelpu, brotapolann C, sem hefði unnið með henni, sem hefði sagst vera að fara til ákærða. Hún hefði sagt stelpunni að hún væri að koma frá vinkonu sinni en hún hefði þá gert sér grein fyrir að ákærði væri að gera rangt. Hann gæti ekki verið að hitta margar í einu. Hún hefði síðan tekið strætó heim til starfsmanns síns, Ó, en hún hefði ekki verið heima. Hún hefði þá beðið föður sinn um að sækja sig. Hún hefði sagt honum frá þessu og síðan Ó og Ú, starfsmönnum sínum, og bróður sínum. Hún hefði farið til lögreglunnar þar sem hún liti svo á að ákærði hefði pín hana til að gera eitthvað sem hún hefði ekki viljað. Henni hefði liðið mjög illa eftir þetta og liði ennþá illa yfir þessu.

Brotapolinn greindi frá því að hún hefði notendastýrða persónulega aðstoð þannig að hún fengi starfsfólk heim til sín kvölds og morgna til að aðstoða sig. Á þeim tíma sem atvikin hefðu átt sér stað hefði hún starfað hjá [...], en í dag starfaði hún á [...].

Vitnið Ý, faðir brotapolans B, hvað dóttur sína hafa greint sér frá samskiptum við ákærða sem hefðu staðið lengi, allt frá 2016 eða 2017. Þetta hefði byrjað sem samskipti á netinu þar sem hann hefði þóst vera jafnaldri hennar og viljað verða kærastinn hennar. Hann hefði sagt henni að ef hún vildi vera áfram í þessum samskiptum ætti hún að senda honum nektarmyndir af sér. Hún hefði verið frekar einmana og í litlum samskiptum við hitt kynið og þess vegna hefði hún gert þetta. Ákærði hefði síðan farið að sækja hana. Honum hafi skilist að ákærði hefði þvingað hana til munnmaka en hann vissi ekki hvort það hefði gerst oft en einu sinni. Brotapola hefði brugðið mikið og orðið hrædd við þetta atvik. Á leiðinni út hefði hún mætt annarri stúlku sem hefði verið á leiðinni til ákærða. Hún hefði leitað til starfsmanna sinna, en Ó sem hefði unnið hjá henni hefði búið nálægt og hún farið heim til hennar. Henni hefði liðið illa eftir þetta atvik og fundist

ákærði hafa brotið á sér, sagt ósatt og þvingað hana til að gera hluti sem hún hefði ekki viljað gera. Þau hefðu beðið hana um að loka á samskipti við þennan mann. Lögreglan hefði ráðlagt brotapolan að kæra ákærða og hún hefði fallist á það enda hlýddi hún yfirleitt því sem sagt væri við hana. Hún væri á einhverfurófi, blíð og mikil fjölskyldumanneskja en samskipti væru veikleiki hennar. Hún hefði t.d. ekki átt vinkonur í grunnskóla og hefði haldið sig til hlés. Þegar hún hefði orðið eldri hefði hún orðið einmana og langað til að eignast kærasta. Hún væri flink í tæknimálum og það væri útilokað að reyna að takmarka samskipti hennar eftir þeim leiðum. Hún búi ein í húsnæði sem þau foreldrarnir hafi keypt með henni, en hún sé með starfsmenn sem komi til hennar á morgnana og kvöldin. Þau foreldrarnir hefðu sett upp þjófavarnarkerfi hjá henni sem fari í gang kl. 23:30 á kvöldin og sé á til 6:30 á morgnana. Hún hafi unnið lengi á [...] en hafi nú nýlega fengið starf á [...] þar sem hún starfi í um þrjár klukkustundir á dag, en það sé atvinna með stuðningi. Hún hafi seint fengið greiningu en getað stundað nám í iðnskóla á námsbraut fyrir fatlaða. Hún hefði reynt að fara í heimavistarskóla á [...] en það hefði reynst henni erfitt að vera ein og innan um heilbrigðar stúlkur.

Vitnið W, bróðir brotapolans B, kvað systur sína hafa sagt sér frá því að hún hefði átt samskipti við ákærða á netinu og farið til hans í þrjú eða fjögur skipti. Fyrst hefði hún farið sjálf og hann hefði verið að tjá ást sína til hennar og ætlað að gefa henni hring sem svo hefði komið í ljós að var ekki rétt. Í síðasta skipti hefði ákærði sótt hana á heimili hennar. Eftir það skipti hefði henni verið verulega brugðið. Hún hefði lýst því að ákærði hefði beitt hana kynferðislegu ofbeldi, haldið henni niðri og þvingað hana til munnmaka og káfað á henni. Þá hefði hún greint frá því að hafa mætt þarna vinkonu sinni þegar hún hefði verið að ganga út frá ákærða og þá hafi hún áttað sig á því að þetta væri ekki ástarsamband heldur væri hann að blekkja hana og henni hafi fundist á sér brotið. Systir hans ætti við fötlun að stríða og búi við ákveðna erfiðleika af þeim sökum. Hún sé ekki fær um að sjá um sig sjálf og fái liðveislu heim til sín til að aðstoða við daglegt líf. Hún geti þó stundað vinnu og sé klár á mörgum sviðum en félagslega hliðin sé hennar veikleiki. Hún verði einmana og leiti þá í félagsskap á netinu og hafi þá lent í mönnum sem nýti sér aðstæður. Hún sé minnug og segi hreinskilnislega frá.

Vitnið Ó, þroskaþjálfari og stuðningsaðili brotapolans B, kvaðst hafa starfað hjá henni af og til allt frá árinu 2012. Hún taldi að brotapolan hefði starfað með syni ákærða en ákærði hefði sótt son sinn og þá séð hana. Brotapolan hefði síðan farið að fá skilaboð frá ákærða en í fyrstu ekki áttað sig á að þau væru frá honum. Hún vissi ekki hvers eðlis skilaboðin hefðu verið en í kjölfarið hefði brotapolan hitt ákærða í að minnsta kosti fjögur skipti. Fyrstu þrjú skiptin hefði hann sótt hana í nálæga götu. Hann hefði farið með hana heim til sín og í fjórða skiptið hefði hún farið sjálf til hans. Að minnsti kosti í tvö af þessum skiptum hefði ákærði áreitt hana kynferðislega og í síðasta skiptið hefði hann beitt hana kynferðislegu ofbeldi með því að halda höfði hennar föstu og láta hana fróa

sér. Á leiðinni út hefði hún mætt stúlku sem hefði verið á leiðinni til ákærða. Hún hefði ekki greint henni jafn ítarlega frá hinum skiptunum. Brotapoli hefði komið heim til hennar eftir síðasta atvikið, en hún hefði ekki verið heima. Dóttir hennar hefði búið í sama húsi og sagt henni frá komu brotapolans. Brotapolinn hefði svo hringt í hana stuttu seinna í mikilli geðshræringu til að segja henni frá því sem hefði gerst. Brotapoli hefði jafnframt greint henni frá því að ákærði hefði beðið hana um að taka af sér nektarmyndir og senda honum. Hún hefði gert það og hann hefði hótad því að birta myndirnar ef hún gerði ekki það sem hann segði henni að gera heima hjá honum. Brotapolinn hefði óttast að hann gerði alvöru úr hótun sinni. Þetta væri eina skiptið sem brotapoli hefði leitað til hennar með þessum hætti, en hún líti á sig sem trúnaðarvin. Brotapoli sé greind á einhverfurófinu og sé fötluð þannig að hún geti ekki hugsað um sig sjálf. Hún sé dugleg og ábyrg, heima og í vinnu. Hún sé dugleg að bjarga sér sjálf og fari til að mynda allra sinna ferða sjálf og selji [...] á mörkuðum. Hún hafi mikla þráhyggju, allt þurfi að vera eins, og hún sé stjórnsöm þannig að reyni á starfsfólkið. Hún sé frekar hvatvís og auðtrúa og hafi trúad ákærða þegar hann hafi sagst elska hana, vilja gefa henni hring og giftast henni. Hana hafi mikið langað til að eignast kærasta. Hún þurfi aðstoð við daglegt líf og fái til sín starfsfólk kvölds og morgna sem aðstoði hana til dæmis við að fara í bað og hugsa um heimilið. Brotapoli hafi verið í miklu áfalli eftir atvikin, grátið og skolfið, en hún hafi þó jafnað sig mikið í dag, enda sé langt um liðið. Hún hafi þó oft haft orð á því eftir atvikin að hún sé hrædd við karlmenn.

Vitnið Ú, stuðningsaðili brotapolans B, kvað hana hafa hringt í sig skömmu eftir að hún hefði hætt störfum hjá henni um áramótin 2016/2017 og sagt henni frá ákærða. Hún hefði kynnst honum á netinu en svo komist að því að hann væri faðir ungs manns í [...]. Hún hefði sagst hafa verið í sambandi við hann á netinu og heimsótt hann. Hún hefði sagst hafa gert það af því að hann ætlaði að trúlofast henni. Hún hefði verið mjög upptekin á þessum tíma af því að ætla að eignast kærasta. Hún hefði hins vegar fljótlega áttað sig á að þetta væri ekki alveg svona. Hann hefði verið að narra hana til þess að koma til einhverra kynferðislegra athafna og hefði látið hana totta sig og fróa sér eða verið með aðra kynferðislega áreitni við hana. Þetta hefði gerst í síðasta skiptið sem hún hefði farið til ákærða en vitnið hefði einungis heyrt af þessu eina skipti. Brotapoli hefði leitað til hennar þótt hún hefði verið hætt að vinna fyrir hana á þessum tíma. Hún hefði verið í miklu uppnámi þegar hún hefði greint henni frá þessu. Henni hefði virst brugðið og verið hrædd og áttað sig á að þetta hefði ekki verið eins og það ætti að vera. Hún hefði lýst því að á leiðinni út hefði hún mætt samstarfskonu sinni úr [...] sem hefði verið á leiðinni til ákærða en hún hefði verið of hrædd til að vara hana við að fara þarna upp og hefði sagt henni ósatt að hún hefði verið að koma frá vinkonu sinni þar sem hún hefði ekki þorað að segja að hún væri að koma frá ákærða.

Brotapolinn C kvaðst hafa þekkt ákærða lengi en þau hefðu upphaflega kynnst þegar þau hefðu bæði búið á Q og ákærði hefði viljað kynnast henni. Þau hefðu verið vinir og eitthvað „dandalast“ en þó aldrei verið saman. Hann hefði komið heim til hennar á Kleppsveginn nokkrum sinnum og m.a. aðstoðað hana með tölvuna hennar og hún hefði jafnframt farið heim til hans. Einhverju sinni hefði hún farið með honum í N ásamt brotapolanum D. Ákærði hefði ekið. Þar hefði ákærði káfað á brjóstum þeirra beggja. Síðar sagði hún að hún hefði séð ákærða káfa á brjóstum og klofi brotapolans D. Henni hefði fundist þetta óþægilegt en hún hefði hugsað, ef hún leyfði þetta ekki þá yrði hann reiður. Brotapolinn kvaðst fyrst ekki muna til þess að eitthvað meira hefði gerst en sagði síðar að verið gæti að eitthvað meira kynferðislegt hefði gerst með ákærða en hún myndi ekki eftir því enda væri hún gleymin á köflum. Verið gæti að hún hefði tottað hann og leyft honum að þukla á brjóstunum og „putta sig“ en hún muni ekki alveg smáatriði. Hún hafi reynt að gleyma þessu og ekki hugsa um ákærða lengur.

Brotapolinn kvaðst ekki vera í neinum samskiptum við ákærða í dag en síðast hafa hitt hann á jólaballi fyrir fatlaða. Meðan þau hefðu verið í samskiptum hefði verið eitthvað um að þau kysstust, en þó ekki mikið. Hún gæti hafa haft munnmök við hann. Þá gæti verið að hann hefði „puttað hana“ en hún væri ekki klár á því. Þetta hefði ekki verið gaman en hún hefði ekki getað hugsað þá. Í dag skildi hún ekki hvers vegna þetta hefði gerst. Þetta hefðu verið nokkur skipti en ekki mörg. Hún hefði stundum komið í nýju íbúðina hans og þetta hefði átt sér stað þar í kannski tvö skipti. Hún kvaðst ekki muna eftir samræði við ákærða.

Hún hefði átt myndsimtöl við ákærða þar sem hann hefði beðið hana um að fara úr fötunum. Hún hefði sýnt sig að ofanverðu, farið úr peysu og haldara, en ekki að neðanverðu en það gæti þó „vel verið en ég man það ekki“. Hún taldi að brotapolinn D gæti hafa verið með henni einhver skipti.

Brotapolinn taldi að það gæti hafa gerst að ákærði hefði talað um að vera í sambandi með henni eða trúlofast henni. Þetta hefði verið á meðan hún hefði búið á Q, þegar þau hafi verið á [...] eða heima hjá honum í P. Hún hefði hins vegar ekki viljað það. Henni hefði þó einhver tímann fundist hann skemmtilegur og líta vel út en ekki lengur. Hann hefði kannski einhver tímann boðið henni að fá eitthvað í staðinn fyrir það sem hún hefði gert með honum en hún vissi þó ekki hvað það ætti að hafa verið. Spurð um fullyrðingar sínar í lögregluskýrslu um að hún hefði átt að fá peninga en aldrei fengið taldi hún að það gæti staðist. Hann hefði alltaf svikið hana um allar greiðslur.

Þá staðfesti brotapolinn að hafa hitt brotapolann B utan við heimili ákærða að P. Hún kvaðst hafa unnið með henni á [...]. Hún hefði verið að ganga fram hjá húsinu hans en ekki verið að fara til hans.

Brotapolinn kvaðst vera með tourette-heilkenni, vera öryrki og ekki starfa neitt. Síðast hefði hún unnið á [...]. Skólaganga hennar hefði ekki gengið sérstaklega vel og

henni hefði mikið verið strítt. Hún kvaðst ekki muna hvort hún hefði lokið grunnskóla. Hún byggi núna á M í húsnaði á vegum [...]. Hún hefði fengið aðstoð við heimilishaldið áður fyrr en sæi núna um það sjálf. Hún fengi þó liðveislu sem færi með henni að versla, á kaffihús og fleira slíkt.

Vitnið AA, systir brotapolans C, kvaðst fyrst hafa heyrt um málið þegar haft hefði verið samband við hana af yfirvöldum. Hún hefði þá rætt við systur sína sem hefði sagt henni frá kynnum sínum af ákærða. Hún hefði þó farið í vörn og lítið viljað segja. Þær upplýsingar sem hún hefði gefið væru misvísandi, stundum væri eins og þau hefðu sofið saman en stundum ekki. Systir hennar sé mjög greindarskert og að sumu leyti eins og átta ára barn. Hún sé reyndar misþroska þannig að hún standi betur á sumum sviðum. Hún sé mjög hömlulaus í öllum samskiptum, skynji ekki mörk annarra og gangi ítrekað yfir þau mörk. Hún sé fljót að kynnast fólki og hafi mikla þörf fyrir félagskap. Hún kynnist fólki oft á netinu og eigi kannski í samskiptum við það í einhvern tíma, en svo væri henni yfirleitt hafnað af því að hún gangi yfir öll mörk og kunni engin félagsleg samskipti. Það sama eigi við um samskipti við fjölskylduna, nær allir hafi lokað á hana. Hún virðist gera allt til að vera tekin inn í félagsleg samskipti. Vitnið kvaðst vita um nokkur dæmi þess að karlmenn hefðu misnotað aðstæður brotapolans, m.a. hefði hún þurft að hjálpa henni við að losna við menn sem hefðu hreinlega sest að hjá henni. Systir hennar sé fjárræðissvipt þar sem hún geti ekki séð um fjármál sín. Hún búi í íbúð á vegum [...] þar sem þjónusta sé í boði. Hún hafi gengið í venjulegan skóla, hugsanlega vegna tíðarandans, en hún hefði í raun átt að fara í Öskjuhlíðarskóla þar sem henni hefði verið betur borgið. Hún hafi ekki getað unnið eða séð fyrir sér en búið ein með barn sem hafi svo verið tekið af henni. Eftir andlát móður þeirra, sem hefði stutt systur hennar mikið, hefði komið betur í ljós hvað hún væri í raun mikið skert. Hún hafi þá farið með hana til læknis sem hefði sent hana í greindarpróf og þá hefði komið í ljós að hún byggi við talsvert meiri fötlun en talið hafi verið og teldist vera þroskaskert. Á þessum tíma hefði systir hennar verið úti í samfélaginu sem heilbrigður einstaklingur en verið endalaust gangandi á veggvið að reyna vera eins og aðrir. Þess vegna væri erfitt að grípa inn í núna. Hún þyrfti í raun miklu meira utanumhald og lokaða búsetu. Hún fari ekki að neinum fyrirmælum og þýðingarlaust sé að setja henni reglur. Ekki sé alltaf mark takandi á því sem hún segi þar sem hún geti sagt eitt í dag og annað á morgun. Hún sé þó farin að kunna á hana og geti fengið hana til að segja satt. Það eina sem hún hafi sagt um samskiptin við ákærða sé að hún hafi farið í einhver skipti heim til hans. Hún hefði ekki greint frá kynferðislegum samskiptum að fyrra bragði en játað þau aðspurð. Henni hefði liðið illa vegna samskipta við karlmenn en hún vissi ekki hvort það væri vegna ákærða eða einhverra annarra. Svo virðist sem hún geri sér ekki grein fyrir því að verið sé að nota hana. Vitnið staðfesti að rétt væri eftir sér haft í lögregluskýrslu þar sem hún hefði

lýst því að systir hennar hefði greint frá því að ákærði hringdi í hana til að biðja hana um að koma í heimsókn til að fá hana til að fara niður á sig og totta.

Brotapolinn *D* kvaðst hafa kynnst ákærða í gegnum brotapolann *C* árið 2018 eða 2019. Ákærði hefði verið í samskiptum við brotapolann *C* og hún hefði fengið sig til að gera eitthvað kynferðislegt í mynd. Ákærði hefði beðið brotapolann *C* um að sýna brjóstin og klofið og fengið hana til að biðja sig um að vera með.

Eitt sinn hefði ákærði sótt þær heim til brotapolans *C* og farið með þær í bíltúr í *N*. Brotapolinn *C* hefði örugglega viljað fá eitthvað frá ákærða í staðinn fyrir. Hún mundi ekki til þess að ákærði hefði boðið henni peninga en staðfesti að ef hún hefði sagt það hjá lögreglu væri það rétt. Hún kvaðst hafa orðið vitni að því að hinn brotapolinn hefði veitt ákærða munnmök í bílnum. Hún hefði sjálf verið í aftursætinu og ákærði hefði viljað „putta“ hana á sama tíma og hinn brotapolinn hefði verið að totta hann. Þá hefði ákærði snert brjóstin á henni. Hún hefði verið búin að segja nokkrum sinnum að hún vildi ekki taka þátt í þessu. Brotapolinn *C* hefði suðað í henni að taka þátt. Hún hefði reynt að neita en hinn brotapolinn náð tökum á henni þannig að hún hefði á endanum fallist á að taka þátt. Allan þann tíma sem hún og brotapolinn *C* hefðu verið vinkonur hefði hún platað hana í einhverja svona vitleysu með ákærða. Í dag hefði hún lokað á öll samskipti við hana.

Brotapolinn kvaðst vita til þess að ákærði hefði komið nokkrum sinnum heim til brotapolans *C* meðan hún hefði búið á *Q*. Hún hefði stundum orðið vitni að því að hún hefði tottað hann þar í rúminu.

Brotapolinn kvaðst leigja húsnæði hjá félagsbústöðum. Hún fái ekki þjónustu heim utan þess að geðhjúkrunarfræðingur komi tvisvar í mánuði og gefi henni lyf. Hún fái einnig liðveislu tvisvar í viku. Þá kvaðst hún vinna í [...] og taki strætó ein í vinnuna. Hún lýsti því að henni hefði liðið illa vegna samskiptanna við ákærða en vanlíðan hennar væri einnig vegna margra annarra hluta.

Vitnið *BB*, systir ákærða, kvaðst þekkja til brotapolans *C* og vita hver brotapolinn *D* væri en ekki þekkja hina brotapolana. Henni hefði verið sagt að brotapolinn *B* væri vinkona brotapolans *C*. Hún vissi til þess að ákærði hefði verið í samskiptum við þær tvær fyrstnefndu en ekki hinar. Brotapolinn *C* hefði komið til hennar í hjólhýsi í *O* fyrir um fjórum árum og áreitt ákærða þar. Hún hefði svo sent sér textaskilaboð og spurt um símanúmer ákærða. Hún hefði einnig elt hann á röndum á jólaballi til að spyrja hann hvort þau ættu að vera áfram saman, en hún hefði verið mjög hrifin af honum. Hann hefði hins vegar ekki verið hrifinn af henni og væri í sambandi með konu að nafni *Z* í dag. Vitnið kvaðst telja að brotapolarnir *C* og *D* hefðu tekið sig saman gegn ákærða til að hafa af honum peninga. Þá væri brotapolinn *A* vinkona brotapolans *C* og ætti líka þátt í þessu. Hún vissi þó ekki til þess að ákærði hefði haft nein samskipti við brotapolann *A* og taldi að einu samskipti hans við brotapolann *D* hefðu verið í gegnum síma. Þá kvaðst hún vita

til þess að brotapolinn B hefði sent ákærða nektarmyndir af sér en hún hefði séð myndirnar í símanum hans. Ákærði hefði sýnt sér þessar myndir með þeim orðum að þessi kona væri klikkuð. Hún kvaðst nán ákærða og hringja í hann nær daglega. Hann væri mjög þunglyndur núna en hefði ekki verið það áður en fyrra málið gegn honum hefði komið upp. Þá vantaði upp á greind hans.

Vitnið CC kvaðst kannast við ákærða þar sem hún væri vinkona systur hans. Hún kvaðst einnig þekkja til brotapolans D og hafa rætt málið líttillega við hana. Hún hefði sagt henni frá því að brotapolinn C hefði fengið hana til að koma með sér heim til ákærða. Brotapolinn C hefði svo beðið brotapolann D um að kæra ákærða.

Vitnið Z, unnusta ákærða, kvaðst ekki búa með honum en hún heimsækti hann reglulega og hringdi í hann þá daga sem hún færi ekki til hans. Hann kæmi hins vegar ekki til hennar. Þau væru góðir vinir en ákærði þyrfti mikið á félagsskap að halda. Í raun hefðu þau gert nokkurs konar hlé á sambandi sínu og hún væri einkum umönnunaraðili hans í dag. Frá því á árinu 2020 hefði hún séð um fjármál hans. Hún hefði tekið eftir því að hann væri kominn í vanskil með húsaleigu, síma og rafmagn og viljað hjálpa honum að komast út úr þeim. Hún sæi um að borga reikningana hans af bankareikningnum hans. Hann fái aðstoð frá félagsþjónustunni við þrif en hún fari með honum að versla og hjálpi honum að „kaupa rétt inn“. Þá gæti hún þess líka að hann taki inn lyfin sín. Hún kvað líðan ákærða undanfarið hafa verið hræðilega vegna andlegra veikinda en það hefði verið þannig frá fyrstu kynnum þeirra árið 2018. Hún kvaðst telja að hann væri undir meðalgreind og þannig að hann „gerði sér ekki grein fyrir hlutunum“. Hún kvaðst ekki þekkja neitt til þeirra mála sem væru til umfjöllunar og kannaðist ekki við brotapolana aðra en brotapolann C, en ákærði hefði sagt henni að sú kona væri alltaf að senda honum vinabeiðni á facebook sem hann hafnaði. Þá kannaðist hún við að systir ákærða hefði sagt henni frá myndum af brotapolanum B. Ákærði hefði hins vegar ekki viljað kannast við þær þegar hún hefði spurt hann.

Vitnið DD, sonur ákærða, greindi frá því að hann ynni með föður sínum hjá [...]. Hann hefði sjálfur fengið starf þar í gegnum [...] og síðan útvegað föður sínum starf þar sem honum hefði ekki litist á að hann væri alltaf sofandi heima. Þeir hittust ekki þess fyrir utan nema ef hann þyrfti far eitthvert. Hann færi einungis heim til föður síns þegar hann ætti afmæli. Faðir hans sækta hann á morgnana og keyrði hann til vinnu, en hann ynni sjálfur fyrir hádegi og faðir hans eftir hádegi. Í millitíðinni færi faðir hans heim og legði sig. Hann kæmi svo aftur að sækja hann og þá bæði hann föður sinn um að koma við í matvöruverslun þar sem hann keypti mat handa föður sínum til að borða í vinnunni. Hann sagði líðan föður síns undanfarið mjög slæma. Hann kannaðist við brotapolann B úr [...] þar sem hann hefði verið áður en hann hefði byrjað að vinna. Faðir hans hefði sótt hann þangað en hann hefði ekki orðið var við að þau hefðu hist. Faðir hans hefði hins vegar sýnt honum að hún hefði sent honum nektarmyndir af sjálfri sér.

*Lögreglumadur nr. EE* greindi frá aðkomu sinni að málum ákærða. Hún hefði farið með brotapolanum A í O og skoðað klósett á neðri hæðinni. A hefði sýnt sér hvar atvik málsins hefðu átt sér stað og hún hefði tekið myndir þar. A hefði virst viss um staðinn og ekki talað um að neitt væri breytt. Þá greindi hún frá því að hafa haft samband við kærasta A, FF. Hann væri fatlaður og hefði fengið hálfgerð áfall við að fá símtal frá lögreglunni. Það eina sem hann hefði getað sagt var að hann hefði keyrt A eða sótt á slysadeild. Málið hefði upphaflega komið inn sem möguleg fjárkúgun en við skýrslutöku hefðu komið fram upplýsingar um möguleg kynferðisbrot. Hún kvaðst ekki vita hvers vegna tafir hefðu orðið á hluta af málinu.

*Lögreglumadur nr. GG* greindi frá aðkomu sinni að málunum. Hann kvaðst hafa farið í húsleit á heimili ákærða í kjölfar kæru brotapolans B. Hann kvaðst minna að ákærði hefði verið viðstaddur og hefði ekki gert neinar athugasemdir við það sem fundist hefði á heimili hans. Hann kvað þær tafir sem hefðu orðið vera vegna anna hjá lögreglunni.

Vitnið G, prófessor í sálfræði, greindi frá matsgerðum sínum varðandi brotapolana A og D. Hún hefði fengið gögn málsins send í nóvember og desember 2019 og farið yfir þau en ekki tekist að hitta brotapolann A fyrr en í mars. Þá hefðu þær átt fund þar sem hún hefði byrjað að tala við hana um almenna hluti. Hún hefði verið mjög viljug að tjá sig. Síðan hefði hún lagt fyrir hana verkefni til að átta sig á lestrarfærni hennar og stærðfræðikunnáttu. Það hefði gengið vel til að byrja með en síðan hefði hún farið að lenda í vandræðum. Matsmaðurinn hefði jafnframt rætt við systur brotapolans. Niðurstaða hennar væri sú að brotapolinn A sé með þroskahömlun eins og komi fram í nýjasta þroskaprófinu sem lagt hafi verið fyrir hana árið 2017 og öðrum gögnum málsins. Greindarvísitala hennar mældist 59 stig sem sé neðarlega á stigi vægrar þroskahömlunar. Hún hafi snemma byrjað að sýna að hún ætti við erfiðleika að stríða. Hún hefði verið send frá [...] til Reykjavíkur til að fara í Öskjuhlíðarskóla og hefði verið metin öryrki við 16 ára aldur þótt hún hefði ekki fengið varanlega örorku fyrr en um þrítugt. Hún hafi einungis getað unnið á vernduðum vinnustöðum og glími við málörðugleika. Hún fái hjálp við heimilisstörf og fjármál. Við 37 ára aldur hafi hún [...] sem hefði haft veruleg áhrif á hana. Hún hafi minni getu [...] eftir það og eigi erfiðara með að tjá sig. Þá taldi matsmaðurinn að brotapolinn A ætti í erfiðleikum með að átta sig á þegar verið væri að misnota hana, en hún, eins og fólk í hennar stöðu, sé líklegri til að þiggja boð um hluti sem þau hafi almennt ekki sama aðgang að og aðrir þegnar í samfélaginu. Hún sé mjög líkleg til að láta undan pressu, sérstaklega þegar eitthvað sé í boði sem hana langi í og sjái að aðrir eigi. Það taki hana lengri tíma en aðra að átta sig á að háttsemi brjóti gegn henni. Brotapolinn hefði talað um ákærða á neikvæðan hátt en samskipti þeirra hefðu ekki verið rædd í smáatriðum.

Matsmaðurinn kvaðst hafa hitt D á heimili hennar. Hún hefði verið greind með fötlun við fimm ára aldur. Hún sé [...], með málörðugleika og [...]. Hún hafi verið ættleidd frá [...] og talið sé að henni hafi verið misþyrmt þar. Slík misnotkun í æsku hafi langvarandi áhrif og auki líkur á þunglyndi og skyldum röskunum, svo sem kvíða. Hún hafi átt við námsörðugleika að etja og gengið í Öskjuhlíðarskóla, svo sérdeild Breiðdagerðisskóla og að lokum í Vesturhlíðarskóla sem hafi tekið við af Heyrnleysingjaskólanum. Þar hafi hún, á táningsaldri, orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Reynolds hennar hefði kennt henni leiðir til að fá fram það sem hún vilji. Eftir að hún hafi verið orðið fullorðin hafi það helst verið peningar. Hún sé félagslega einangruð og eigi fáa vini. Hún sé því líklegri til að vilja þóknast vinum sínum og taka þátt í því sem þeir biðji hana um. Svo virðist sem hún hafi í fyrstu ekki áttað sig á þýðingu verknaðarins sem hér um ræði en þegar hún hafi gert það hafi reiði hennar einkum beinst að vinkonu hennar fyrir að hafa fengið hana til að gera þessa hluti með ákærða sem hefði misnotað hana. Hún hefði verið að þóknast öðrum og vonast til að fá einhvern pening út úr því. Hún hefði gert sér grein fyrir því að hún væri að taka þátt í kynlífsathöfnum en ekki að verið væri að tæla hana til þess. Hún hafi líklega verið að reyna að gera vinkonu sína ánægða en ekki áttað sig á að verið væri að misnota þær.

Vitnið F sálfræðingur greindi frá matsgerðum sínum í málinu vegna brotapolanna B og C. Hann kvaðst hafa hitt brotapolann B nokkrum sinnum og lagt fyrir hana ýmis próf og spurningalista, auk þess sem hann hefði rætt við aðila sem þekki hana vel, meðal annars af vinnustað hennar. Hún hefði á unglingsárum verið greind með tvíþætta fötlun, einhverfu og þroskahömlun. Athuganir hans hafi stutt að þetta eigi við enn í dag. Hún hafi lýst brotum gegn sér með mjög afgerandi og trúverðugum hætti. Hans niðurstaða væri sú að sé tekið mið af eðli þeirra fjölþætta og alvarlegu erfiðleika sem hún eigi við að stríða sé ljóst að hægt var að notfæra sér andlegt ástand hennar til þeirra athafna sem um ræði. Einhverfa hennar sé alvarleg og kallist ódæmigerð einhverfa. Hún þurfi mikinn stuðning og hafi m.a. notið NPA-þjónustu. Brotapolinn hefði greinilega haft allt aðrar væntingar í þessu sambandi heldur en ákærði. Hann hafi neytt hana til kynlífsathafna sem henni hafi fundist mjög ógeðfelldar og hún hafi lýst vanlíðan eftir þetta. Þarna hafi því verið um grófa misnotkun á henni að ræða. Eitt af einkennum fötlunar hennar væru þráhyggja og áráttur og hún hafi þráð mjög að vera í sambandi. Ákærði hefði fengið hana til kynlífsathafna undir því yfirskini að hann hygðist trúlofast henni. Hann hefði nálgast hana á þeim forsendum að þau myndu hugsanlega taka upp samband en svo hefði þetta farið inn á leið sem henni hefði verið ógeðfelld og andsnúin. Ákærði hefði náð svona langt vegna fötlunar hennar, en það hefði tekið hana nokkurn tíma að átta sig á því sem vakað hefði fyrir ákærða.

Sama ferli hefði verið varðandi brotapolann C. Hann hefði hitt hana og lagt fyrir hana ýmsar prófanir, m.a. greindarpróf. Þá hefði hann aflað upplýsinga í viðtölum við

starfsmenn á [...]. Það hefði verið forsaga um fötlun en ekki hefðu verið til athuganir á greiningarstöðinni sem hann hefði haft aðgang að. Komið hefði í ljós í greindarprófi svo hafið sé yfir allan vafa að brotapolinn uppfylli greiningarviðmið fyrir væga þroskahömlun. Hún tiki lyf vegna þunglyndis en það telji hún hjálpa sér mest. Fötlun hennar sé þannig að auðvelt sé að misnota traust hennar, en það sé þekkt um einstaklinga með þessa fötlun. Hún hafi ríka tilhneigingu til að þóknast öðrum og eigi erfitt með að veita viðnám gegn þrýstingi. Komið hefði fram hjá þeim sem þekki hana vel að hún eigi erfitt með að mynda náin tengsl þrátt fyrir að þrá það. Hún hafi lýst því að ákærði hafi boðið henni hluti sem hún þráði, hugsanlega samband eða hjónaband, en hún hafi slitið sambandinu þegar hún áttaði sig á því að það var bara verið að plata hana. Vegna skerðingar hennar hafi hún ekki verið fær um að veita ákærða viðnám.

Vitnið I sálfræðingur greindi frá yfirmatsgerðum vegna brotapolanna A og D. Hann hefði unnið mötin ásamt H geðlækni og þeir hefðu skipt með sér verkum við matið. Hann hefði séð um að meta greindarfarslega þætti og vægi þroskaskerðingarinnar. Brotapolinn A væri með þannig fötlun að ekki hefði verið hægt að leggja allar prófanir fyrir hana. Hann hefði gert á henni greindarskimun þar sem hún hefði mælst með 52 stig í heildartölu sem sé í neðri mörkum vægrar þroskahömlunar. Það sé óverulegt frávik frá greindarprófi sem hafi verið gert á hanni 2017 þar sem hún hafi fengið 59 stig. Á minnisprófi hafi komið fram mjög slök minnisgeta. Ekki hefði verið hægt að leggja fyrir hana persónuleikapróf þar sem þau reyni of mikið á orðagetu sem hún búi ekki yfir. Hann taldi að niðurstöður prófana H hefðu samræmst hans niðurstöðum. Brotapolinn hafi verulega skerta vitsmunagetu og skerta félagsfærni og það sé mjög sýnilegt á henni. Hún hafi skilning á þýðingu verknaðarins þannig að hún hafi getað sagt hvað gerðist og virtist skilja hvað kynmök feli í sér, hafa einhver mörk hvað það varði og skoðun á hvað hún vilji og hvað ekki í þeim efnum. Hún hafi áttað sig á því að það væri verið að gera eitthvað sem hún hafi ekki viljað. Vegna þroskahömlunar sinnar sé hún mjög leiðitöm og auðvelt að hafa áhrif á hana. Hún gæti hafa skilið ákærða sem svo að hann væri að bjóða henni samband.

Hann kvað brotapolann D vera betur stadda. Þroskahömlun hennar væri ekki alveg jafn augljós en kæmi í ljós þegar rætt væri við hana. Hún væri öruggari í fasi, svolítið frökk og meiri kraftur í henni, en [...] hefði áhrif. Það væri þó heldur ekki hægt að leggja persónuleikapróf fyrir hana. Hann hefði lagt fyrir hana heildrænt greindarpróf. Hún hefði þar mælst með 62 stig og gott samræmi hefði verið á milli þátta. Hún teldist því með væga þroskahömlun. Hann hefði gert taugasálfræðilegar prófanir á henni og þar hefði komið í ljós vangeta hennar til þess að takast á við verkefni og hvatvísi í vinnubrögðum. En persónuleikaprófin væru mun meira áberandi hjá henni. Hún hafi verið greind með jaðarpersónuleikaröskun, en í því felist t.d. tilfinningalegur óstöðugleiki, sjálfsskaði, erfið tengslamyndun og ofsafengin sambönd. Þessir þættir fái hana til að framkvæma

hluti sem séu vanhugsaðir. Hún glími einnig við ADHD og kynlífsfíkn. Brotapolinn hafi skilning á þeim verknuðum sem um ræði, hafi skilning á kynlífi og geti sett einhver mörk. Hún sé þó einnig leiðitöm. Það hafi verið athyglisvert að hún virtist reiðari við vinkonu sína en ákærða vegna málsins. Óljóst sé hver hefði leitt hvern þarna, hvort það hefði verið ákærði eða vinkonan.

Vitnið *H* geðlæknir svaraði spurningum um yfirmatsgerðirnar á brotapolunum A og D. Hann kvaðst hafa séð um félagshlutann og geðhlutann og ýmis próf. Brotapolinn A búi við þroskahömlun og sé einnig með [...]. Frammistaða hennar sé því undir því sem eðlilegt er. Það dyljist engum sem sjái hana að hún gengur ekki heil til skógar. Það sé augljóst vegna lömunar hennar en líka af því hvernig hún tjái sig, hvernig orðaforðinn er, hún sé sein til svars, viti ekki svarið við mörgu, geti ekki reiknað o.fl. Hún geti þó unnið einfalda vinnu á vernduðum vinnustað með stýringu. Hún hafi skilið þýðingu þess verknaðar sem um ræði, en hún sé útsett fyrir því að vera þvinguð af öðrum og hún sé þess vegna líka í ákveðinni hættu að vera misnotuð. Hún hafi líklega ekki áttað sig á því í upphafi samskipta sinna við ákærða að verið væri að misnota hana og ekki skilið hvers eðlis sambandið væri fyrr en henni hefði verið bent á að hún væri að gefa ákærða peninga.

Brotapolinn D eigi mikla sögu á geðdeildum. Hann hefði skoðað hana vel og metið hana með tilliti til þess. Hún eigi auðvelt með að tjá sig en þá komi í ljós að hún er ekki eins og fólk er flest. Hún sé opin og segi skoðanir sínar hreinskilnislega. Hún sé ákærða mjög reið en líka vinkonu sinni. Vinkonan virðist hafa haft áhrif á hana þannig að hún hafi orðið leiðitamari. Brotapolanum finnst hún hafa verið notuð og tæld til verknaðar en frásögn hennar sé mjög sérstök. Henni finnst hún hafa verið notuð af þeim báðum. Brotapolinn eigi við margþátta vanda að etja. Hún búi nú í félagslegri íbúð en þyrfti í raun að vera með umsjónarmann. Skap hennar sveiflist mikið, hún sé með þekktu sjálfskaða borderline hegðun, ADHD, hvatvísi og þroskahömlun. Hún lýsi einnig fyrri neyslusögu en segi það ekki vandamál núna. Þá lýsi hún og ræði opinskátt um kynlífsfíkn og það að hún hafi jafnvel [...]. Yfirmatsmaðurinn kvaðst sannfærður um að brotapolinn vissi í hverju hún var að taka þátt. Henni finnst að hún hafi tekið þátt í einhverju sem hún ætlaði sér ekki að taka þátt í, en hún hafi samt látið til leiðast. Hún sé leiðitöm en jafnframt ákveðin og geti breytt afstöðu sinni mjög skyndilega. Það sé þekkt hjá fólki með jaðarpersónuleikaröskun að það geti verið samþykkt einhverju en sé skyndilega orðið mótfallið því. Það geti haft ákveðna skoðun á ákveðnum tíma en svo séð eftir því síðar. Þegar hún skoði málið betur finnst henni að hún hafi verið notuð. Svo virðist sem það hafi komið til eftir á, en erfitt sé að átta sig á hve löngu síðar.

Vitnið *R* sálfræðingur greindi frá vinnu við tvær yfirmatsgerðir varðandi brotapolana B og C. Gögnin hefðu verið yfirfarin, tekin hefðu verið viðtöl og lögð fyrir stutt próf. Þær hefðu lagt eitt undirpróf á greindarprófi fyrir brotapolann B sem meti almennan skilning og niðurstaðan þar hefði verið talsvert undir meðallagi. Þessi undirþáttur passaði

við niðurstöður nýlegs greindarmats upp á 64 stig. Brotapolinn tali einfalt mál og frasakennt. Hugmyndir hennar um sambönd, svo sem vinasambönd og ástarsambönd, séu mjög einfaldar og hún sé mjög trúgjörn. Mikil þráhyggja hefði komið fram gagnvart því að trúlofast og fá hring. Hún hefði þó ekki virst hafa djúpan skilning á merkingu þess. Fas hennar og líkamsbeiting gefi strax til kynna að hún búi við fötlun og það komi jafnframt skýrt fram um leið og byrjað sé að ræða við hana. Matsmaðurinn kvaðst ekki telja að hún hafi skilið þýðingu þessa verknaðar. Þá hafi komið fram hjá henni að hana hafi ekki langað til að gera þetta.

Matið vegna brotapolans C hefði verið unnið með sambærilegum hætti. Lagt hefði verið fyrir hana sama undirpróf úr greindarprófi sem meti almennan skilning. Hún hefði verið mjög lág á prófinu. Svör hennar hafi verið yfirborðskennd og bókstafleg. Staða hennar sé ekki augljós við fyrstu sýn en þegar farið sé að ræða við hana komi í ljós að hún hafi lítil blæbrigði í röddinni, henni liggi mjög hátt rómur og mikil þráhyggja hafi komið fram. Stundum hafi reynst erfitt að fá hana til að svara spurningum, það hafi tekið tíma og stundum hafi þurft að umorða og spyrja á einfaldari hátt. Auðvelt sé að spila með hana og fá hana til að gera hluti. Hún sé því í mikilli hættu á að vera misnotuð. Hún virðist eiga erfitt með að lesa í aðstæður og átta sig á samskiptum almennt. Erfitt sé að átta sig á skilningi hennar á þýðingu verknaðarins en þó hafi komið fram hjá henni að hún hafi ekki viljað vera í kynferðislegu sambandi.

Vitnið K sálfræðingur greindi jafnframt frá yfirmatinu vegna brotapolanna B og C. Hún kvað brotapolann B með flóknar greiningar, bæði einhverfu og svo væga þroskahömlun. Þess vegna hefðu þær m.a. ákveðið að leggja fyrir hana einn hluta úr greindarprófi. Brotapolinn beri það með sér að hún búi við skerðingar. Hún hafi sérkennilega líkamsburði og hreyfingar og holningin á henni sé einkennandi fyrir fólk með þroskaskerðingar. Staða hennar sé enn augljósari þegar hún fari að tala, en hún eigi erfitt með tjáningu, málfarið sé einfalt og málskilningi hennar ábótavant. Hún hafi væga þroskahömlun sem þýði að námshæfileikar hennar séu ekki miklir og hún þurfi mikinn stuðning. Hún standi þó betur að vígi en ella vegna góðs og þétts utanumhalds. Berlega hafi komið í ljós að hún hafi ekki góðan skilning á mannlegum samskiptum, eigi erfitt með að lesa í hvað sé rétt og rangt og sé mjög auðtrúa og auðginnt. Skilningur hennar á verknaðinum hafi verið mjög takmarkaður og hugsun hennar að sumu leyti barnsleg. Fólk með takmarkanir eins og hennar hafi oft mikla löngun til að vera eins og annað fólk, giftast og eignast börn. Hún hafi ekki haft skilning á því að loforð ákærða um samband og trúlofun stæðust ekki.

Brotapolinn C glími við flókna fötlun sem sjáist þó ekki á henni við fyrstu sýn. Hún komi vel fyrir, sé bein í baki, hrein og fín. Þegar farið sé að ræða við hana komi hins vegar í ljós að það sé varla hægt, hún bæði festist í samtölum og eigi erfitt með að halda þræði. Fólk ætti því að átta sig mjög fljótt á takmörkunum hennar. Hún sé m.a. með

alvarleg einkenni tourette, miklar þráhyggjuhugsanir og athyglisbrest, auk þess sem hún sé með væga þroskahömlun. Fólk sem býi við slíkar skerðingar lesi illa í fyrirætlanir annars fólks og því sé auðvelt að ginna það. Brotaþolinn hafi sýnt að hún sé leiðitöm og láti undan þrýstingi og hafi þannig komið sér í miklar ógöngur. Hún skynji það ef hún er beitt ofbeldi en ef hún er ginnt til einhvers sé ólíklegt að hún myndi átta sig á því heldur myndi hún láta gleppast. Ekki sé þó auðvelt að stjórna henni nema eitthvað sé í boði sem hún sækist eftir. Hún hefði ekki viljað ræða neitt um ákærða við yfirmatsmenn. Þótt hún hafi ekki viljað ræða um kynlíf telji yfirmatsmaðurinn að brotaþolinn skilji þýðingu verknaðarins. Hún [...] og skilji hvað kynlíf sé.

Vitnið V geðlæknir gerði grein fyrir mati sínu annars vegar á andlegu heilbrigði ákærða og hins vegar á sakhæfi hans. Hann hefði hitt ákærða sex sinnum. Í upphafi hefði hann fengið það verkefni að meta þroska- og heilbrigðisástand ákærða. Þá hafi legið fyrir tvö greindarmöt. Annað sé frá febrúar 2017, sem hafi verið gert þegar hann var á Litla Hrauni. Niðurstaða þess hafi verið að ákærði væri með greindarvísitöluna 76. Ári síðar, í júlí 2018, hafi annað greindarmat verið gert. Niðurstaðan hefði orðið allt önnur þar sem heildargreindin hefði mælst 61 stig, málfarsleg greind 64 stig og verkleg greind 61 stig. Þá hefði hann mælst með þunglyndi og kvíða. Í síðara matinu hefði komið fram að ekki hefði unnist tími til að klára það og því hefði að einhverju leyti verið stuðst við upplýsingar sem legið hafi fyrir á Litla Hrauni. Miðað við þessar niðurstöður hefði ákærði væga þroskahömlun. Það væri fötlun sem hefði víðtæk áhrif á námsferil, félagsleg tengsl í víðum skilningi og sjálfstæði tengt búsetu og atvinnu. Þó sé dregið nokkuð í land varðandi hvaða áhrif þessi greind hafi haft fyrir ákærða og vísað til þess að takmarkaðar upplýsingar hafi legið fyrir. Í fyrsta viðtalinu við ákærða hefði verið erfitt að henda reiður á frásögn hans. Hann hefði augljóslega verið mjög kvíðinn. Hann hefði m.a. lýst skólagöngu sinni og sagst hafa verið lengi að læra að lesa og alla tíð verið með mjög lágar einkunnir. Hann hefði lesið upp texta en ekki munað neitt af honum. Hann hefði í upphafi neitað að hafa verið í Öskjuhlíðarskóla en síðar greint frá því að hann hefði verið þar í eitt eða tvö ár. Matsmaðurinn hefði rætt við móður ákærða en hún hefði ekki verið viss um hvort svo hefði verið. Hins vegar hefði kennari við skólann talið að hann myndi eftir ákærða, en engin gögn hefðu fundist um það. Takmörkuð gögn hefðu fundist um skólagöngu ákærða, einungis einkunnir fyrir 7. og 8. bekk, en þær hefðu verið mjög lágar. Hann hefði verið óklár í einföldum frádrætti og ekki getað gert grein fyrir fjármálum sínum. Þá hefði hann lýst atvinnusögu sinni þannig að þegar hann hefði hætt í skóla hefði hann fyrst farið að vinna við einföld störf og síðan farið að keyra. Hann hefði tekið meirapróf og sér að óvörum náð því í fyrstu tilraun, en þurft að taka venjulegt bílpróf fimm sinnum. Hann hefði unnið sem [...], en kveðist hafa átt í erfiðleikum með að rata. Hann hefði greint frá samböndum sínum við konur og sagt frá tveimur eða þremur löngum samböndum. Frásögnin hefði verið mjög ruglingsleg, en ákærði væri þó sterkur

í að tala þannig að hægt væri að fá á tilfinninguna að hann væri gáfaðri en hann í raun væri, í stuttu samtali við hann.

Matsmaðurinn kvaðst telja eftir ítrekuð viðtöl við ákærða og skoðun gagna að enginn vafi leiki á því að niðurstaða síðara greindarmatsins sé sú rétta. Hegðun hans samræmdist mun betur því mati upp á rúmlega 60 stig þannig að hann sé haldinn vægri þroskahömlun, sem sé skilgreind sem greindarvísitala milli 50 og 70. Slíkir einstaklingar geti bjargað sér að einhverju leyti í lífinu, en ákærði hafi ekki getað gert það. Hann hafi sótt í konur sem margar hverjar hafi haldið utan um öll hans mál. Hann hafi t.d. aldrei getað haldið utan um fjármálin og unnið stopult. Þá hefði hann heyrt af því að á þeim tíma sem ákærði hafi tekið meiraprófið hafi verið algengt að þeir sem voru með þroskahömlun fengu meiraprófið án þess að standast það. Ökuskírteini á þeim tíma hafi gefið meiri réttindi heldur en núna, þannig að það hafi kannski ekki verið mikið meira sem þeir hafi þurft að bæta við sig. Upplýsingar um að námsferill ákærða hafi verið í rúst, félagsleg tengsl hans mjög bjöguð og að hann geti ekki haldið heimili eða séð um fjármál hafi vantað í matið. Matsmaðurinn sé því ekki í nokkrum vafa um að greindarvísitala ákærða sé töluvert undir 70. Ólíklegt sé að ákærði geti hafa viljandi skorað lægra á matinu. Þá sé talað um innra samræmi í því sem styðji það að niðurstaðan sé rétt.

Í síðara matinu sé fjallað um sakhæfi ákærða. Hann falli augljóslega undir 15. gr. almennra hegningarlaga. Hann hafi áður afplánað dóm og tvívegis verið settur í straff vegna hegðunar sinnar gagnvart kvenkyns fangavörðum. Félagsleg staða hans hafi farið nokkuð hratt versnandi síðustu ár, hann búi einn og fari varla úr íbúðinni, en af og til færi einhver honum mat. Félagslegri stöðu hans og eftirliti sé sárlega ábótavant. Matsmaðurinn telji því rétt að honum væri skipaður tilsjónarmaður til þess að fylgjast með honum, félagslegri stöðu hans og andlegri heilsu. Hann telji fangelsisrefsingu óráð en alltaf þurfi að koma til einhvers konar heilbrigðisþjónusta. Hugsanlega þurfi ákærði að dvelja á heimili með sólarhringsvöktun eða a.m.k. dagvöktun. Ákærði sé að glíma við þunglyndi og kvíða sem hafi ágerst meðan á viðtölum við hann hafi staðið. Hann virðist ganga lengra í samskiptum en eðlilegt sé en ekki sé víst að hann átti sig á því sjálfur. Hann hafi lýst því að fangelsi hafi verið algert helvíti fyrir hann, en hann hafi talið að hann hafi verið í fangelsi vegna þess að hann hefði lánað símann sinn og sá aðili sem hefði fengið hann lánaðan hefði sent hótandi skilaboð til [...].

Matsmaðurinn gaf aftur skýrslu eftir viðbótarrannsókn á högum ákærða. Taldi hann þá rannsókn ekki breyta niðurstöðu sinni. Ákærði sé duglegur og virki klárari en hann sé í raun og veru. Þá sé ekki víst að það breyti neinu hvort ákærði hafi í raun verið í Öskjuhlíðarskóla eða ekki.

Vitnið P geðlæknir gaf skýringar á yfirmatsgerð vegna ákærða. Hún kvað þau yfirmatsmennina hafa byrjað á að yfirfara gögnin vandlega, m.a. greindarpróf og sálfræðipróf vegna ákærða og brotapolanna. Svo hafi þau hitt ákærða tvisvar sinnum. Að

Því loknu hafi þau farið yfir fyrri greindarpróf og sögu hans um atvinnu, sambönd o.fl. Ákærði hefði ekki verið reiðubúinn til að ræða um sakarefnið. Farið hefði verið yfir þetta í samhengi við þau mót og greindarpróf sem hafi legið fyrir. Yfirmatsmenn hafi svo lagt fyrir próf á þunglyndis- og kvíðaeinkennum.

Tvö greindarmöt á ákærða hafi legið fyrir sem beri ekki saman. Þau hafi skoðað ástæður þess vandlega. Í öðru greindarprófinu sé niðurstaðan sú að ákærði sé með greind á tornæmisstigi en í hinu að hann sé með væga þroskahömlun. Þau hafi farið vandlega yfir mötin og niðurstöðu þess sem gerði síðara matið þar sem hann hafi í raun talið að matið stemmdi ekki, auk þess sem hann hafi ekki getað klárað það. Þegar verið sé að meta greind sé aðlögunarfærni mjög mikilvægur þáttur og það eigi sérstaklega við í þessu máli. Brotapolarnir séu allir undir 70 á greindarprófi og með slaka aðlögunarfærni. Þeir hafi þurft mikinn stuðning í lífinu og aldrei unnið á almennum vinnumarkaði. Ákærði hafi haft betri aðlögunarfærni. Það skipti gríðarlega miklu máli þegar verið sé að meta greind ákærða, hvernig honum hafi tekist að vera á almennum vinnumarkaði og jafnvel mörg ár á sama vinnustaðnum. Hann hafi átt í lengri samböndum og sambúðum og tekist að halda sér ágætlega á floti án mikils stuðnings frá félagslega kerfinu. Þá virðist hann ekki hafa lent í miklu samstuði eða óhöppum í sínu nánasta umhverfi. Góður stuðningur frá fjölskyldu eða maka væri ekki nægjanlegur til að hafa áhrif á þetta.

Niðurstaða yfirmatsmanna hafi verið sú að fyrri matið væri nær sanni. Það sé möguleiki að skor hans þar sé eitthvað hærra en raunin sé, en þó ekki mikið. Matið hafi verið gert þegar hann hafi verið í fangelsi við stöðugar aðstæður. Ekkert komi þar fram um að hann hafi þá glímt við geðræn vandamál. Þegar seinna matið hafi verið gert hafi hann verið undir álagi þar sem þetta mál hafi verið komið af stað og verið með töluverð einkenni þunglyndis. Þunglyndið geti þó ekki eitt og sér skýrt þennan mun. Þá telji þau töluverðar líkur á að hann hafi í rauninni staðið sig viljandi verr heldur en hann geti. Það sé ekki möguleiki að standa sig betur á greindarprófi heldur en maður hafi greind til, en það sé alltaf hægt að standa sig verr. Þá geti þunglyndiseinkenni líka haft áhrif á einbeitingu og vilja til þess að takast á við hluti eins og greindarpróf.

Ástæður þess að greindarpróf hafi ekki verið endurtekið hafi verið nokkrar. Illa hafi gengið að fá ákærða til að koma í viðtöl. Þá hafi hann verið mjög kvíðinn og þunglyndur en það geti valdið því að prófið verði ómarktækt.

Við mat á sakhæfi ákærða hafi þau tekið mið af greindarfari og aðlögunarfærni ákærða. Þá sé litið til þess að um mörg sambærileg mál sé að ræða og atvik gerist á löngum tíma. Ákærði hafi sent fjölmörg skilaboð og ljóst sé að hann sé ekki stjórnlaus í þessum samskiptum. Hann sé skipulagður, ýti í brotþola og gangi á eftir þeim. Hann vilji komast í samband við þær og fá eitthvað frá þeim. Jafnvel þótt það sé möguleiki að hann hafi ekki alltaf innsæi í að hegðun hans sé óeðlileg telji yfirmatsmenn að hann geri sér grein fyrir því að það sem hann sé að gera sé brotlegt við lög. Þau telji því að 16. gr.

almennta hegningarlaga eigi ekki við um ákærða enda þurfi talsvert mikla andlega vanhæfni til þess. Ákærði sé fullfær um að beita klókindum og blekkja brotaþolana. Þá sé vel mögulegt að hann geti endurhæfst og refsing geti borið árangur en mikilvægt sé að unnið verði ákveðið að endurhæfingu. Þá sé geðheilbrigðisþjónusta í fangelsum og ákærði ætti að geta fengið þar þjónustu við hæfi.

Eftir viðbótarrannsókn kvað yfirmatsmaðurinn niðurstöðurnar óbreyttar. Rannsóknin sýndi að ákærði hefði einhverja aðlögunarfærni. Hann hefði útvegað sér störf sjálfur á almennum vinnumarkaði og aldrei verið í störfum sem sérstaklega væru ætluð fólki með þroskaraskanir. Atvinnusagan styddi því ekki að ákærði væri fremur með þroskahömlun en tornæmi.

Vitnið *Æ* geðlæknir greindi frá vinnu sinni við yfirmatið vegna ákærða. Ákveðið misræmi hefði verið á milli niðurstaðna í greindarprófum á ákærða sem hefðu verið gerð 2017 og 2018. Yfirmatsmenn hefðu verið ósammála niðurstöðu undirmats að því leyti að þau hefðu talið niðurstöðu síðara greindarprófsins sérkennilega. Það komi fram í því mati að sú tala komi ekki heim og saman við heildrænt mat á því hvernig ákærða hafi vegnað í lífinu og haldist í störfum og samböndum. Þau hafi því talið fyrri niðurstöðuna um tornæmi vera líklegri og eðlilegri miðað við alla þætti. Ekki hafi verið ástæða til að ætla að aðrir þættir, svo sem geðrofsástand eða annað, gætu haft áhrif á sakhæfi ákærða. Þetta hafi því verið spurning um hvort ákærði væri skilgreindur með tornæmi eða þroskahömlun og þar sem þetta hafi verið niðurstaðan telji þau að ákærði sé sakhæfur. Varðandi það hvort refsing geti borið árangur hafi yfirmatsmenn litið til þess að ákærði hafi afplánað fangelsisdóm áður. Ekki væri að sjá ástæðu vegna veikinda til þess að hann geti ekki gert það aftur. Þau hafi því ekki getað gefið sér annað en að refsing ætti að geta borið árangur. Þá hafi þau talið að ákærði myndi skilja þýðingu refsingarinnar. Aðgengi fanga sem glími við geðraskanir að meðferð hafi verið bætt þannig að hægt sé að vinna með og auka innsæi ákærða á því hvernig ætluð háttsemi hans hafi endurtekið komið honum í vandræði. Yfirmatsmenn hafi staðfest að ákærði sé haldinn kvíða og þunglyndi og svo virðist sem það hafi farið versnandi. Þau telji þó að það geti ekki skýrt þann mikla mun á frammistöðu á greindarprófunum. Fyrri geðsaga virðist ekki hafa leitt ákærða til meðferðaraðila þannig að svo virðist sem fyrst og fremst sé um að ræða afleitt þunglyndi og kvíða vegna málanna sem nú séu í gangi. Spurður um hvort leitað hefði verið nánari upplýsinga um aðstæður ákærða kvað hann þau ekki hafa gert það. Þau hefðu séð ákveðinn samhljóm í fyrri mötum og ekki talið ástæðu til að vefengja það.

Að lokinni viðbótargagnaöflun kvað hann ekki ástæðu til að breyta neinu í matinu. Þótt staðfest væri að ákærði hefði átt undir högg að sækja á vinnumarkaði og unnið víða hefði það ekki þau áhrif á matið að breytti niðurstöðunni.

Vitnið *HH*, rekstrarstjóri [...] og yfirmaður ákærða, kvað ákærða hafa hafið störf hjá fyrirtækinu í um hálfu starfi á fyrri hluta síðasta árs. Hann [...] og sækja [...] til

fyrirtækja og húsfélaga. Ekki þurfi meirapróf [...]. Hann kvað þetta ganga ágætlega og mætingar hans væru ágætar. Þá þekkti hann ekki til hnökra á samskiptum við samstarfsfélaga og ekki hefði mikið eignatjón orðið af hans völdum. Hann hefði fengið starfið í gegnum son sinn, en það væri í gegnum [...] fyrir fólk sem hefði átt erfitt með að fá vinnu.

Vitnið *JJ*, rekstrarstjóri [...], greindi frá störfum ákærða fyrir fyrirtækið. Hann hefði [...] en einkum þó starfað við [...]. Þetta hefði verið í stuttan tíma í kringum 2006/7 og aftur 2012. Hann kvað ákærða ekki hafa verið „besta starfsmanninn“. Hann mundi ekki sérstaklega eftir því að ákærði hefði átt í erfiðleikum með að rata en hann hefði hins vegar valdið nokkru tjóni á bílum. Hann hefði líka verið í peningaveseni og oft beðið um laun fyrir fram. Mætingarnar hefðu ekki verið góðar. Hann hefði á endanum verið látinn fara. Vitnið kvaðst hafa talið ákærða frekar „einfaldan“ og ekki alltaf vel til hafðan. Hann gat ekki sagt til um færni hans í mannlegum samskiptum en mundi ekki eftir kvörtunum vegna hans. Erfitt hefði verið að fá fólk til vinnu á tímabili, t.d. um 2006/7.

Vitnið *KK* kvaðst lengi hafa kennt við Öskjuhlíðarskóla. Hún hefði greint frá því að ákærði hefði verið nemandi við skólann en eftir nánari umhugsun hefði hún komist að því að hún hefði ruglað honum saman við annan mann.

Vitnið *LL*, fyrrverandi sérfræðingur hjá Samgöngustofu í ökunámi og leyfisveitingum, greindi frá því hvernig staðið hefði verið að meiraprófsnámi og prófunum. Hann kvað ákærða þurfa að endurnýja réttindi sín ef hann ætlaði að starfa við þetta í dag. Þegar ákærði hefði fengið meiraprófsréttindi árið 1989 hefði námið tekið sjö vikur og mörg próf hefðu verið í lok þess. Samkvæmt gögnum Samgöngustofu hafi ákærði staðist munnlegt próf með 70% árangri og verklegt með 82%. Hann kvaðst ekki þekkja til þess að mönnum hefði verð hjálpað í gegnum prófið.

Vitnið *NN*, móðir ákærða, greindi frá aðstæðum hans og uppvexti. Faðir hans hefði verið drykkfelldur og beitt ofbeldi og þau systkinin hefðu orðið vitni að því. Þau foreldrarnir hefðu skilið árið [...]. Hún kvað atvik hafa orðið þegar ákærði var ungur þar sem hann hefði komist í lyf sem hann hefði bent á sem nammi. Hún vissi ekki hvort hann hefði tekið lyfið, en daginn eftir hefði hann froðufellt og orðið skríttinn. Honum hefði ekki gengið vel í námi og sótt nokkra mismunandi grunnskóla, en hún mundi ekki eftir því að hann hefði verið í Öskjuhlíðarskóla. Hann hefði átt vini þegar þau hefðu búið í [...] en ekki eftir að þau hefðu flutt í [...]. Hún kvaðst eiga ágætt samband við ákærða, þau hittust einstaka sinnum og hún heyrði í honum í síma af og til. Hann væri í einhverjum samskiptum við [...].

## Niðurstaða

Ákærða eru í málinu gefin að sök margvísleg kynferðisbrot gegn fjórum brotapolum og misneyting. Ákærði hvorki játaði né neitaði sakargiftum og vildi ekki tjá sig um sakarefnið fyrir dómi.

### *I. kafli ákæru*

Í I. kafla ákærunnar er ákærða gefin að sök nauðgun í fjórum ákæruliðum með því að hafa haft samræði eða önnur kynferðismök við brotapolann A einu sinni í N, tvö skipti á salerni í O og einu sinni á heimili hennar, en með því hafi hann beitt hana ólögmatrí nauðung og nýtt sér yfirburði sína og aðstöðumun þar sem hún er með þroskahömlun og gat ekki skilið þýðingu verknaðarins.

Ákærði tjáði sig ekki um sakarefnið fyrir dómi en hjá lögreglu neitaði hann þeim alfarið. Hann kvaðst þekkja brotapolann og hafa einu sinni haft við hana samfarir með hennar vilja á heimili hennar.

Í 1. lið I. kafla ákærunnar er um að ræða atvik sem hafi átt sér stað í N þar sem ákærði hafi káfað á brjóstum brotapolans A og fengið hana til að hafa við sig munnmök og í framhaldi fengið sáðlát yfir magann á henni. Ákærði kvaðst aldrei hafa ekið neitt með brotapolanum og hefði auk þess ekki átt bifreið á þessum tíma. Brotapolinn lýsti því hins vegar fyrir dómnum að ákærði hefði snert brjóst hennar, fróað sér og fengið sáðlát á milli brjóstanna á henni. Þá mundi hún eftir því þegar borinn var undir hana framburður hennar hjá lögreglu að ákærði hefði einnig látið hana totta sig. Hjá lögreglu lýsti hún atvikinu þannig að ákærði hefði snert brjóst hennar, hún tottað hann og hann hefði fengið sáðlát yfir magann á henni.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að ákærði átti bifreið á þeim tíma sem um ræðir. Þá hefur hann ekki viljað tjá sig um atvikið fyrir dómi. Þykir fullyrðing hans um að hann hafi ekki getað ekið með brotapolann því ekki vera trúverðug. Framburður brotapolans er hins vegar stöðugur og trúverðugur þótt örlítils misræmis gæti. Það er þó ekki slíkt að hafi áhrif um það sem skiptir máli og getur skýrst af fötlun brotapola og hversu langt er um liðið frá atvikinu. Ástæða hefði verið til þess að taka skýrslu af brotapolanum fyrir dómi meðan á rannsókn málsins stóð, en heimildir standa þó ekki til þess að það sé gert án þess að hægt sé að krefjast þess að viðkomandi komi fyrir dóminn að nýju við málsmeðferðina. Framburður brotapolans fær nokkurn stuðning í framburði móður hennar og systra sem staðfestu að hún hefði greint þeim frá atvikum með sambærilegum hætti. Þá staðfesti lögreglumaður að hafa rætt við þáverandi sambýlismann brotapola, sem gat ekki gefið skýrslu vegna fötlunar sinnar, þar sem fram hefði komið að hann hefði einhverju sinni sótt brotapolann þangað sem hún sagði ákærða hafa skilið sig eftir umrætt sinn. Þykir því ekki varhugavert að leggja framburð brotapolans til grundvallar og telst því háttsemin í þessum ákærulið sönnuð.

Fyrir dóminum liggja gögn um þroska og heilbrigðisástand brotapolans A. Í skýrslu F sálfræðings kemur fram að greind hennar mælist neðarlega á stigi vægrar þroskahömlunar og hún búi við margháttaða erfiðleika á sviði félagslegrar aðlögunar. Hún teljist því hafa væga þroskahömlun. G, sálfræðingur og prófessor, var dómkvödd til að meta brotapolann. Í niðurstöðum hennar kemur fram að gögn sýni að brotapolinn sé neðarlega á stigi vægrar þroskahömlunar, búi við skerta starfsgetu, skorti innsæi í samskipti við aðra og búi við margvíslegar takmarkanir. Þá voru H geðlæknir og I sálfræðingur dómkvaddir til að gera yfirmat á brotapolanum. Þeir staðfesta að hún hafi væga þroskahömlun og búi við ýmsar takmarkanir af þeim sökum. Í álit allra framangreindra sérfræðinga kemur fram að brotapolinn beri fötlun sína greinilega með sér. Hún hafi líkamlega fötlun eftir [...] og hafi [...]. Þá sjáist á útliti hennar, hegðun og svörum að hún eigi við þroskahömlun að stríða. Brotapolinn kom sjálf fyrir dóminn og er það álit dómsins að hún beri augljós merki fötlunar sinnar.

Ákærði kynntist brotapola fyrir mörgum árum þegar hann [...] og hún var reglulega [...]. Þá áttu þau samskipti í nokkurn tíma en hlé varð á þeim þar til ákærði nálgadist hana aftur árið 2014. Hann bar um það hjá lögreglu að hafa vitað til þess að hún væri öryrki og ekki í starfi. Þá kvaðst hann hafa hitt hana á jólaballi fyrir lamaða og fatlaða. Engu að síður taldi hann hana hafa góðan andlegan þroska, sem hann merkti á því að hún gæti tjáð sig, lesið og skrifað. Með hliðsjón af augljósri fötlun brotapolans og þess sem ákærði vissi um hana er sannað að ákærði hafi gert sér grein fyrir takmörkunum hennar, ef ekki við fyrstu kynni af henni þá a.m.k. frá því að samskipti þeirra hófust á ný á árinu 2014, en þá hafði brotapolinn fengið [...]. Er ekkert fram komið í málinu sem bendir til þess að ákærði hafi slíkar takmarkanir að hann hafi ekki getað áttað sig á ástandi brotapolans.

Í matsgerðum þeirra sérfræðinga sem lögðu mat á þroska og heilbrigðisástand brotapolans A kemur fram að hún sé leiðitöm og kjörið skotmark fyrir misnotkun af ýmsu tagi. Þá sé ólíklegt að hún geri sér grein fyrir því að verið sé að nota hana og geti misskilið áreitni sem áhuga. Þetta er í samræmi við framburð móður hennar og systra. Þá kom það fram hjá brotapolanum að hún hafi verið hrædd við að óhlýðnast ákærða.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er sannað að ákærði hafi notfært sér andlega fötlun brotapolans A til þess að viðhafa við hana þær kynferðislegu athafnir sem lýst er í 1. lið I. kafla ákærunnar. Verður háttsemi ákærða heimfærð undir 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í 2. og 3. lið I. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa annars vegar haft endaparmsmök og hins vegar samræði við brotapolann A á salerni í O.

Ákærði viðurkenndi fyrir lögreglu að hafa tvisvar sinnum hitt brotapolann í N. Hann kvað þau hins vegar einungis hafa talað saman og keypt bjór. Hann tjáði sig ekki fyrir dómi. Brotapoli greindi frá því í kæruskýrslu sinni hjá lögreglu að um tvö tilvik hefði

verið að ræða þar sem ákærði hefði farið með henni á salerni í N. Hann hefði m.a. hótað henni að pissa á hana eða skíta yrði hún ekki að vilja hans. Hann hefði einu sinni haft við hana endaparmsmök en í annað skipti hefði hún lagst á gólfið og hann haft samræði við hana. Fyrir dóminum sagði hún að ákærði hefði tvisvar til þrisvar farið með hana á salerni í O þar sem hún hefði þurft að leggjast á gólfið og hann hefði haft samræði við hana. Að auki hefði hún haft munnmök við hann.

Í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar um ferðir brotþolans með ferðapjónustu fatlaðra og má þar sjá að henni var þrisvar sinnum, í desember 2014, ekið í O. Þá hafa móðir hennar og systur staðfest að hún hafi greint þeim frá atviki í O en lýsing þess er með nokkuð öðrum hætti.

Samkvæmt framangreindu gætir nokkurs misræmis í framburði brotþola um atvikin í O, sem getur þó skýrst af fötlun hennar og því hversu langt er um liðið. Engin vitni voru að atvikunum í O til að bera um sakarefnið og gögn málsins nægja ekki til að staðfesta lýsingar í ákæru. Verður því ekki talið, eins og á stendur, að ákærvaldinu hafi tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæruliðum 2. og 3. í I. kafla ákæru, sbr. 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, og verður ákærði því sýknaður af þeim ákæruliðum.

Í 4. lið I. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa haft samræði við brotþolann A á heimili hennar í janúar 2015. Ákærði gekkst við því í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa átt kynferðisleg samskipti við brotþolann á heimili hennar en taldi að það hefði gerst nokkru fyrr og það hefði verið með hennar samþykki og að hennar beiðni. Þá hefði hann fengið vin sinn til að keyra sig til hennar og bíða á meðan. Vinur ákærða staðfesti að hafa ekið honum til brotþolans og beðið eftir honum fyrir utan. Brotþoli greindi frá því fyrir dómi að ákærði hefði haft samræði við hana á heimili hennar einu sinni. Hún lýsti því nánar hjá lögreglu þannig að ákærði hefði beðið um að fá að koma til hennar og beðið hana um að vera nakta innan undir náttkjól. Hún hefði ekki þorað öðru en að verða við beiðni hans.

Með framangreindri játningu ákærða á háttseminni sem fær stoð í gögnum málsins telst hún sönnuð. Með vísan til þess sem greinir um þroska og heilbrigði brotþolans A og kynni hennar og ákærða undir niðurstöðum varðandi ákærulið 1 í I. kafla ákærunnar er sannað að ákærði notfærði sér, með þessari háttsemi, andlega fötlun brotþolans A til þess að viðhafa við hana þær kynferðislegu athafnir sem lýst er í þessum kafla ákærunnar. Verður háttsemin jafnframt heimfærð til 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## *II. kafla ákæru*

Í II. kafla ákæru er ákærða gefin að sök misneyting með því að hafa nýtt sér bágindi, einfeldni og fákunnáttu brotapolans A og fengið hana til að taka út úr hraðbanka í Kringlunni og láta sig hafa 12.000 krónur í reiðufé. Ákærði tjáði sig ekki um málið fyrir dómi en hjá lögreglu greindi hann frá því að hann hefði þennan umrædda dag verið heima hjá sér. Hann kvaðst í upphafi einu sinni hafa hitt brotapolan í Kringlunni þar sem hún hefði gefið honum bjór. Síðar kvaðst hann hafa hitt hana í Kringlunni þar sem hún hefði verið með vinkonu sinni og hefði boðið honum á Subway. Þegar hann var spurður sérstaklega út í misræmi í framburði sínum neitaði hann að tjá sig.

Brotapoli greindi frá því fyrir dómi að ákærði hefði hreinlega dregið hana með sér út og staðið yfir henni í hraðbankanum þar til hann hefði fengið peninga hjá henni. Hún taldi þá að þetta hefðu verið 10.000 krónur. Hjá lögreglu, rétt eftir atvikið, lýsti hún því að hún hefði tekið út 20.000 krónur og ákærði hefði fengið 12.000 krónur þar af. Hún kvað vin ákærða, ásamt eiginkonu sinni, hafa ekið þeim ákærða í Kringluna umrætt sinn. Vinur ákærða staðfesti fyrir dóminum að hafa keyrt þau í Kringluna, þar sem hún hefði átt að taka út peninga fyrir ákærða, og hafa síðan ekið þeim til baka. Þá hefði ákærði viðurkennt fyrir sér að hafa fengið pening hjá henni. Eiginkona hans mundi ekki eftir að hafa verið í bílnum en kvað eiginmann sinn hafa sagt sér frá þessu á sínum tíma. Í málinu liggja fyrir reikningsyfirlit yfir bankareikning brotapolans sem staðfesta framangreinda úttekt upp á 20.000 krónur í hraðbanka í Kringlunni.

Framburður brotapolans hefur verið stöðugur um framangreint atvik, þótt hún hafi ekki verið alveg viss um upphæðina fyrir dóminum. Framburður hennar fær stoð í gögnum málsins og framburði vitna. Framburður ákærða er hins vegar á reiki og hann hefur neitað að skýra hann frekar. Með hliðsjón af framangreindu er sannað að ákærði fór með brotapolan í Kringluna og fékk hana til að taka út peninga og afhenda sér, þannig að miðað verður við þá fjárhæð sem brotapoli nefndi fyrir dóminum, 10.000 krónur. Með hliðsjón af því sem hér að framan hefur verið rakið um aðstöðumun á ákærða og brotapolan og þess að ekkert endurgjald kom í staðinn verður talið að ákærði hafi með framangreindri háttsemi sinni nýtt sér bágindi, einfeldni og fákunnáttu brotapolans til þess að afla sér hagsmuna. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt framangreindum kafla ákærunnar og er brot hans þar rétt heimfært til refsíákvæðis.

### *III. kafla ákæru*

Í III. kafla ákærunnar eru ákærða gefin að sök brot gegn brotapolanum B í þremur liðum. Í 1. lið III. kafla ákærunnar er honum gefið að sök brot gegn blygðunarsemi með því að hafa á tímabilinu frá janúar 2016 til byrjunar árs 2018 sýnt af sér lostugt athæfi og sært blygðunarsemi brotapolans er hann beitti hana blekkingum um það hver hann væri og síðan hvers eðlis samband þeirra væri, í gegnum samskiptaforritið messenger, í þeim

tilgangi að eiga í kynferðislegum samskiptum við hana og fá hana til að senda sér kynferðislegar myndir af henni sjálfri.

Ákærði tjáði sig ekki um sakarefnið fyrir dómi en neitaði því staðfastlega fyrir lögreglu að þekkja brotapolann eða hafa átt nokkur samskipti við hana. Spurður um hvers vegna upplýsingar um hana var að finna í síma hans taldi hann koma til greina að annar brotþoli hefði sett þær í símann hans án þess að hann hefði orðið var við það.

Brotþolinn lýsti því bæði fyrir dómi og hjá lögreglu hvernig hún kynntist ákærða þar sem hann var að sækja son sinn í félagasamtök sem þau voru bæði aðilar að og hann hefði síðan sent henni vinabeidni á facebook og í framhaldinu skilaboð á messenger. Þá hefur sonur ákærða staðfest að hann vissi til þess að faðir hans þekkti brotapolann, auk þess sem hann, systir ákærða og unnusta hans hafa öll staðfest að hafa séð nektarmynd af henni í síma ákærða.

Meðal gagna málsins eru nokkrar myndir sem sýna brotapolann nakinn og á kynferðislegan hátt sem fundust í tölvu ákærða. Í tölvu brotapolans mátti einnig sjá að hún sendi honum enn fleiri myndir. Þá liggur fyrir útprent af samskiptum ákærða og brotþola á messenger. Ákærði notast þar við nafnið Y og hefur hann kannast við að hafa notað þann reikning. Í samskiptunum biður ákærði brotapolann ítrekað um að senda sér myndir af brjóstum og píku og biður hana um kynferðisleg samskipti. Þá lofar hann henni trúlofunarhring verði hún við þessu.

Með hliðsjón af framangreindum gögnum og framburði vitna er framburður ákærða hjá lögreglu um að kannast ekki við brotapolann og hafa ekki átt samskipti við hana mjög ótrúverðugur. Ekkert styður þær getgátur hans að einhver annar hafi komið upplýsingum fyrir í síma hans. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæðis.

Í 2. lið III. kafla ákærunnar eru ákærða gefnar að sök hótanir í samskiptum við brotapolann B með því að hafa tvisvar sinnum hótað að birta opinberlega kynferðislegar myndir sem hún hafði áður sent honum í trúnaði þeirra á milli en myndirnar sýndu nakin kynfæri hennar og brjóst. Í framangreindum samskiptum ákærða og brotþola má sjá hótanir ákærða um dreifingu myndanna í kjölfar þess að hann fær ekki þau svör sem hann vill frá brotþola. Brotþoli bregst við með því að segjast ætla að kæra hann til lögreglu. Brotþoli hefur staðfest að hafa átt í þessum samskiptum og að hafa óttast hótanir ákærða. Verður ákærði því, gegn framangreindri neitun, sakfelldur fyrir framangreindar hótanir og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæðis í ákæru.

Í 3. lið III. kafla er ákærða gefin að sök nauðgun með því að hafa í nokkur skipti á heimili hans beitt brotapolann ólögumatri nauðung, beitt hana blekkingum og nýtt sér

andlega fötlun hennar til þess að fá hana til að sleikja á honum punginn og hafa við hann munnmök.

Eins og að framan greinir neitaði ákærði því alfarið hjá lögreglu að kannast við brotapolann og vildi ekki tjá sig um sakarefnið fyrir dómi. Samkvæmt því sem fram kemur vegna 1. liðar III. kafla ákærunnar verður að telja framburð ákærða ótrúverðugan. Brotapoli lýsti því skýrt bæði hjá lögreglu og fyrir dómi hvernig ákærði hefði sótt hana og farið með hana heim til sín þar sem hann hefði viljað stunda kynferðislegar athafnir. Fyrir dóminum lýsti hún því að það hefði einungis verið í síðasta skiptið sem ákærði hefði látið hana sleikja á honum punginn og hafa við hann munnmök eins og lýst er í ákærunni.

Framburður brotapolans er skýr og trúverðugur og hefur verið stöðugur frá upphafi. Framburður hennar er í fullu samræmi við gögn málsins. Þá fær hann stoð í framburði vitnis sem sá hana fyrir utan heimili ákærða og vitna sem greindu frá viðbrögðum hennar í kjölfar atviksins. Með hliðsjón af framangreindu þykir verða að leggja framburð brotapola til grundvallar þannig að sú háttsemi sem lýst er í þessum ákærulið hafi átt sér stað einu sinni.

Fyrir dóminum liggja gögn um þroska og heilbrigðisástand brotapolans B. Í matsgerð F sálfræðings kemur fram að hún búi við einhverfu og þroskahömlun sem hafi margvísleg og alvarleg áhrif á hana. Þá voru sálfræðingarnir K og R dómkvaddar til að gera yfirmat vegna brotapolans. Niðurstaða þeirra staðfestir mat undirmatsmanns um að brotapolinn búi við framangreindar takmarkanir sem skerði aðlögunarfærni hennar verulega. Allir matsmennirnir staðfestu matsgerðir sínar fyrir dóminum og lýstu þeirri skoðun sinni að brotapolinn bæri fötlun sína með sér. Þá komu fyrir dóminn starfsmenn brotapolans, auk föður hennar og bróður sem greindu frá áhrifum fötlunarinnar á daglegt líf hennar. Brotapolinn kom jafnframt sjálf fyrir dóminn. Það er álit dómsins að hún beri það með sér að búa við fötlun.

Ákærði kynntist brotapola fyrst þar sem hún var með syni hans í [...] sem er félag fyrir einstaklinga [...]. Útilokað er því annað en að hann hafi gert sér grein fyrir takmörkunum brotapolans strax við upphaf kynna þeirra. Í álitum þeirra sérfræðinga sem lögðu mat á þroska og heilbrigðisástand ákærða hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að þroski hans hafi verið með einhverjum þeim hætti að hann gæti ekki skilið þýðingu þessa.

Samkvæmt framburði brotapolans var það ákærði sem sóttist eftir samskiptum við hana og er það í samræmi við það sem lesa má út úr messenger samskiptum þeirra. Hann bað hana um að hitta sig og kvaðst vilja vera í sambandi við hana, trúlofast henni og gefa henni hring. Í framangreindum matsgerðum kemur fram að brotapolinn hafi þráð að vera eins og aðrir, eiga kærasta og trúlofa sig og haft væntingar til þess að það myndi gerast. Þá kemur fram að fötlun hennar hafi í för með sér erfiðleika við að skilja og bregðast við

félagslegum aðstæðum. Hún eigi erfitt með að skilja þarfir, tilfinningar og hugsanir annarra og lesa í aðstæður. Hún sé auðtrúa og auðvelt sé að misnota traust hennar og blekkja hana. Þetta er í samræmi við framburð starfsmanna hennar og fjölskyldumeðlima. Þá hefur brotapolinn sjálf lýst því hvernig hún hafi áttað sig á því að ákærði hafi verið að blekkja hana og hefur lýst vanlíðan sinni yfir þessu. Þá bera viðbrögð hennar þess skýrt merki að svo hafi verið.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er sannað að ákærði hafi notfært sér andlega fötlun brotapolans B til þess að viðhafa við hana þær kynferðislegu athafnir sem lýst er í ákæru en í samræmi við það sem lýst hefur verið hér að framan verður hann sakfelldur fyrir eitt skipti. Verður háttsemi ákærða heimfærð undir 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

#### *IV. kafli ákæru*

Í IV. kafla ákærunnar er ákærða gefin að sök nauðgun með því að hafa í kyrrstæðri bifreið beitt brotapolana C og D ólögumætri nauðung og nýtt sér yfirburði sína og aðstöðumun til að stinga fingri inn í leggöng þeirra og káfa á kynfærum þeirra og fengið brotapolann C til að hafa við sig munnmök.

Ákærði tjáði sig ekki fyrir dómi en hjá lögreglu staðfesti hann að þekkja brotapolann C. Hann neitaði að þekkja brotapolann D en kvaðst þó vita hver hún væri. Hann neitaði öllum kynferðislegum samskiptum við hana. Þá neitaði hann því alfarið að hafa farið með þeim í bílferð og vísaði til þess að hann hefði ekki átt bíl á þessum tíma.

Brotapolinn C greindi þrisvar sinnum frá því hjá lögreglu að ákærði hefði farið með hana og brotapolann D út fyrir bæinn á bíl sínum. Í fyrsta skiptið lýsti hún því að ákærði hefði í bílnum káfað á brjóstum þeirra beggja og hugsanlega „puttað“ hana. Næst lýsti hún atvikinu nánar og kom þá fram að ákærði hefði snert brjóst og klof hennar og brotapolans D og hugsanlega hefði hún tottað hann. Í þriðju skýrslu sinni lýsti hún því að ákærði hefði snert brjóst og klof þeirra beggja. Fyrir dómi sagði hún að ákærði hefði káfað á brjóstum þeirra og klofi og „puttað hana“ og „verið gæti“ að hún hefði tottað hann.

Brotapolinn D greindi frá því fyrir dóminum að ákærði hefði snert brjóst hennar og „puttað“ hana. Þá hefðu hún séð að brotapolinn C hefði veitt honum munnmök. Í skýrslu hennar hjá lögreglu kom fram sams konar lýsing á atvikum.

Í gögnum málsins er að finna upplýsingar um bifreiðaeign ákærða. Samkvæmt þeim átti hann bifreið á þessum tíma. Þá fundust upplýsingar í síma hans um brotapolann D og samskipti við hana, en hann þrætti þrátt fyrir það að hafa átt þau samskipti eða að hafa haft upplýsingar um hana. Hann neitaði að tjá sig frekar um málið hjá lögreglu og tjáði sig ekki fyrir dómi, svo sem honum er heimilt.

Við mat á framburði brotapolanna verður að líta til þess að þær búa við fötlun. Framburður brotapolans C fyrir dómi einkenndist af því að hún átti erfitt með að muna, tapaði þræðinum og svaraði spurningum gjarnan með þeim hætti að hlutirnir gætu hafa gerst. Full ástæða hefði verið til þess að taka skýrslu af henni fyrir dómi með aðstoð fagmanns meðan á rannsókn málsins stóð, en heimildir standa þó ekki til þess að það sé gert án þess að hægt sé að krefjast þess að viðkomandi komi fyrir dóminn að nýju við málsmeðferðina. Eins og fram kemur hjá yfirmatsmönnum sem mátu andlegt heilbrigði hennar og þroska er nokkuð erfitt að fá hana til að halda sig við efnið. Þá verður að hafa í huga áhrif þess hve langt er um liðið frá atvikinu. Engu að síður er hún að mestu leyti samkvæm sjálfri sér um hvað gerðist í þetta skipti. Nægilegt samræmi er í framburði brotapolanna beggja um atvik í bifreiðinni umrætt sinn. Með hliðsjón af framangreindu er sannað að atvik hafi verið með þeim hætti sem í ákæru greinir.

Í málinu liggja fyrir ýmis gögn um þroska og heilbrigðisástand brotapolanna C og D. Í matsgerð F sálfræðings vegna brotapolans C kemur fram að hún uppfylli greiningarskilmerki vægrar þroskahömlunar bæði að því er varði greind og aðlögunarfærni. Hún stríði við umtalsverða erfiðleika á sviði félagslegrar aðlögunar og þurfi á mikilli aðstoð að halda. Í yfirmati sálfræðinganna K og R kemur fram að hún búi við fjölpættan vanda, tourette-heilkenni, félagsfælni, árátu- og þráhyggjuröskun og þroskaskerðingu og standi mjög illa félagslega. Fram kemur hjá matsmönnum að ekki sé víst að fólk geri sér grein fyrir fötlun brotapolans við fyrstu sýn. Það komi hins vegar mjög fljótt í ljós þegar farið sé að ræða við hana. Systir brotapolans kom einnig fyrir dóminn og greindi frá stöðu hennar. Brotapolinn kom fyrir dóminn. Það er álit dómsins að sjá megi á brotþola að hún búi við takmarkanir. Þá er það algerlega augljóst þegar rætt er við hana og ætti ekki að leynast neinum.

Eins og að framan greinir hafa ákærði og brotþoli þekkt lengi. Hann neitaði því þó að kannast við að hún byggi við einhvers konar þroskaskerðingu heldur væri hún „frok“. Eins og að framan greinir hefur ekkert komið fram í álitum þeirra sérfræðinga sem lögðu mat á þroska og heilbrigðisástand ákærða sem bendir til þess að hann hafi ekki getað áttað sig á stöðu brotapolans.

Í framangreindum matsgerðum vegna brotapolans kemur fram að auðvelt sé að misnota traust hennar og fötlun hennar valdi því að hún sé í aukinni hættu á að verða fyrir misnotkun. Hún hafi ríka tilhneigingu til að þóknast öðrum og þrái að mynda nán tilfinningaleg tengsl. Einnig eigi hún erfitt með að veita viðnám sé hún beitt þrýstingi. Þá hafi hún takmarkaðan skilning á samskiptum kynjanna. Systir brotþola greindi jafnframt frá félagslegum erfiðleikum hennar fyrir dómnum. Brotapolinn hefur sjálf lýst því að hún hafi ekki viljað þessi samskipti við ákærða og eigi í erfiðleikum með að skilja hvers vegna hún hafi engu að síður tekið þátt í þeim.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er sannað að ákærði notfærði sér andlega fötlun brotapolans C til þess að viðhafa þær kynferðislegu athafnir sem lýst er í þessum kafla ákæru. Verður háttsemi ákærða heimfærð undir 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brotapolinn D greindi frá því bæði hjá lögreglu og fyrir dóminum að hún teldi brotapolann C hafa þvingað sig til þeirra kynferðislegu samskipta sem lýst er í þessum kafla ákærunnar. Hún lýsti því að hún hefði ekki viljað taka þátt í þessu en látið undan þrýstingi brotapolans þannig að hún hefði á endanum fallist á að taka þátt. Í matsgerð G, prófessors í sálfræði, kemur fram að reiði brotapolans hafi beinst að brotapolanum C sem hefði fengið hana til að gera þessa hluti með ákærða. Í yfirmatsgerð H geðlæknis og I sálfræðings vegna þroska og heilbrigðisástands brotapolans kemur fram að brotapolinn skilji þýðingu verknaðarins sem um ræði. Það flæki málið að hinn brotapolinn virðist líka hafa haft áhrif á gerðir hennar. Þá virðist reiði hennar jafnvel beinast að henni í meira mæli en að ákærða. Í framburði yfirmatsmannanna kom fram að í þeirra huga væri óljóst hver hefði haft þau áhrif á brotapolann að fá hana til að taka þátt í háttseminni. Brotapolinn hafi skilning á kynlífi og hafi skilið hvað hún væri að gera. Hún virðist hafa fallist á að taka þátt í háttseminni en fundist eftir á að hún hefði verið notuð.

Með hliðsjón af framangreindum framburði brotapolans sjálfs og því sem fram er komi hjá matsmönnum verður að telja að brotapolinn hafi haft skilning á verknaðinum en látið undan þrýstingi til að taka þátt í honum. Ljóst er að þáttur brotapolans C í því er umtalsverður og verður af þeim sökum ekki fullyrt að ákærði hafi notfært sér yfirburði sína og aðstöðumun til háttseminnar. Verður hann því sýknaður af þeim þætti IV. kafla ákærunnar er snýr að brotapolanum D.

#### *V. kafla ákæru*

Í síðasta kafla ákærunnar eru ákærða gefin að sök kynferðisbrot gegn brotapolanum C í tveimur liðum. Í fyrri ákæruliðnum er um að ræða nauðgun með því að hafa í nokkur skipti á heimilum þeirra á nokkurra ára tímabili, með ólögumætri nauðung og með því að nýta sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart brotapolanum, fengið hana til að hafa við sig munnmök og stungið fingri inn í leggöng hennar.

Ákærði greindi frá því hjá lögreglu að brotapolinn hefði í nokkur skipti komið heim til hans þar sem hann hefði boðið henni upp á áfengi. Þá kvað hann þau hafa átt einhver kynferðisleg samskipti með hennar samþykki og hafnaði því að hann hefði með nokkrum hætti brotið á henni. Hann vildi þó ekki gera nánari grein fyrir þeim samskiptum og hafnaði því alfarið að þau hefðu átt sér stað á árinu 2019.

Brotapolinn skýrði frá því fyrir dómi að hún „gæti“ hafa haft munnmök við ákærða og hann „gæti“ hafa „puttað“ hana og talaði sérstaklega um húsnæði ákærða að P í því sambandi. Í skýrslum sínum hjá lögreglu greindi hún frá atvikum með mun

nákvæmari hætti. Þar lýsti hún þessari háttsemi sem hefði átt sér stað á heimilum þeirra beggja á Q og í P. Hún lýsti þar nokkrum skiptum þar sem ákærði hefði viljað að hún veitti honum munnmök og hann hefði snert brjóst hennar og sett fingur í kynfæri hennar, en þetta hefði verið henni á móti skapi.

Ákærða og brotþola ber saman um að þau hafi hist í einhver skipti á heimilum þeirra, a.m.k. á heimili ákærða. Þá má sjá á útprentuðum samskiptum þeirra að ákærði býður brotþola ítrekað að koma til sín og talar margoft um að hitta hana.

Framburður brotþolans C fyrir dómi var nokkuð sundurleitur og erfitt að fá fram skýra frásögn af atvikum. Við mat á honum og trúverðugleika hans verður að líta til fötlunar hennar og hversu langt er um liðið frá atvikum. Framburður hennar fær stuðning í framburði brotþolans D sem lýsti því að hún hefði orðið vitni að því er brotþolinn Chefði veitt ákærða munnmök á heimili hennar. Verður að telja að nægilega skýrt hafi komið fram hjá henni að sú háttsemi sem lýst er í þessum lið ákærunnar hafi átt sér stað í nokkur skipti á heimilum hennar og ákærða. Í ljósi þess að ákærði hefur alfarið hafnað því að gera grein fyrir eðli kynferðislegra samskipta sinna við brotþolann verður að telja neitun hans ótrúverðuga og verður því framburður brotþola samkvæmt framansögðu lagður til grundvallar.

Ákærði sætti á árinu [...] gæsluvarðhaldi frá 2. júní og hóf í framhaldi afplánun 15 mánaða fangelsisdóms sem hann afplánaði að fullu. Verður hann því ekki sakfelldur fyrir brot á því tímabili.

Með hliðsjón af því sem rakið var um þroska og heilbrigðisástand brotþolans C í niðurstöðum varðandi IV. kafla ákærunnar verður talið að ákærði hafi með framangreindri háttsemi sinni nýtt sér yfirburði sína og aðstöðumun gagnvart henni. Verður ákærði því sakfelldur samkvæmt þessum lið ákærunnar og verður háttsemi hans heimfærð undir 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í 2. lið V. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök brot gegn blygðunarsemi, með því að hafa sýnt af sér lostugt athæfi og sært blygðunarsemi brotþolans C er hann beitti hana blekkingum, lofaði henni peningagreiðslum og hótaði að drepa sig, í gegnum samskiptaforritið messenger, í þeim tilgangi að fá hana til að senda sér myndir af brjóstum hennar og kynfærum.

Ákærði tjáði sig ekki fyrir dómi en hjá lögreglu kannaðist hann ekki við samskiptin sem borin voru undir hann og taldi að brotist hefði verið inn í tölvu hans eða á reikning hans á samfélagsmiðlinum. Hann neitaði því að nektarmynd sem fannst í tölvu hans og lögregla taldi að væri af brotþola væri af henni og vissi ekki af hverju hún væri í tölvunni. Þá neitaði hann að tjá sig um tengingar milli síma hans og brotþolans.

Brotþolinn C greindi hins vegar frá því að hafa átt þessi samskipti við ákærða á messenger. Hún kannaðist ekki við að hafa sent honum myndir þar en hins vegar hafi

hún sýnt brjóst sín og kynfæri í myndsamtali og var framburður hennar um þetta atriði sambærilegur fyrir dómi og hjá lögreglu.

Framangreind samskipti liggja frammi í málinu. Ákærði notast þar við nafnið Y og hefur hann kannast við að hafa notað þann reikning. Af samskiptunum má sjá að ákærði biður brotþola ítrekað um að sýna sér brjóst og kynfæri í mynd og býður henni ýmislegt í þeim tilgangi að ná því fram, m.a. peninga. Þá kemur fram í skilaboðum frá honum að hann kveðst ætla að fyrirfara sér og brotþolinn þurfi að hafa það á samvisskunni.

Með hliðsjón af framangreindum gögnum og framburði brotþola er neitun ákærða á því að hafa tekið þátt í framangreindum samskiptum ótrúverðug. Þá er ekkert sem styður það að einhver annar hafi átt þessi samskipti á reikningi hans á samfélagsmiðlinum. Verður ákærði því sakfelldur fyrir brot samkvæmt þessum ákærulið og er háttsemi hans rétt heimfærð til refsíákvæðis.

#### *Refsing, einkaréttarkröfur og sakarkostnaður*

Ákærði er fæddur í [...] [...]. Samkvæmt sakavottorði hans var hann þann [...] dæmdur til 15 mánaða fangelsis fyrir brot gegn 199. gr., 232. gr., 233. gr. og 233. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Eins og að framan greinir gekkst ákærði undir geðrannsókn undir meðferð málsins. Í upphafi var U sálfræðingur dómkvaddur til að meta þroska og heilbrigðisástand ákærða. Matsmaðurinn taldi ákærða hafa greinileg þroskavandamál. Hann gerði greindarpróf á ákærða og var niðurstaða hans sú að ákærði mældist með 61 stig sem var mun lakara en í greindarprófi sem gert var á honum ári fyrr meðan hann dvaldist að Litla Hrauni þar sem niðurstaðan var 76 stig. Matsmaðurinn tók fram að hann hefði ekki getað lokið matinu vegna skorts á samstarfsvilja ákærða. Hann taldi þó að miðað við þær upplýsingar sem hann hefði um aðlögunarfærni hans og mögulegan ásetning hans til að mælast lægri á prófinu en hann í raun væri, yrði að telja að greind ákærða væri á tornæmisstigi.

Eins og að framan greinir var ákveðið að dómkveðja á ný matsmann til að meta þroska ákærða og var geðlæknirinn V fenginn til verksins. Matsmaðurinn komst að þeirri niðurstöðu að meiri líkur væru til þess að niðurstaða greindarmats U sálfræðings væri rétt heldur en fyrra matið. Innra samræmi þess styddi þá niðurstöðu. Matsmaðurinn aflaði gagna um skólagöngu ákærða sem sýna afar slakan árangur. Þá kom fram hjá ákærða að hann hefði mögulega gengið í Öskjuhlíðarskóla í eitt eða tvö ár og fyrrum starfsmaður þaðan taldi sig muna eftir ákærða. Hann hefði náð meiraprófi en sjálfur sagt frá því að honum hefði verið hjálpað við það. Ákærði hafi greint frá brotakenndum starfsferli við einföld störf. Þá virðist hann ávallt hafa verið upp á einhverja konu kominn sem hafi séð

um fjármál hans og heimili. Verulega skorti því á aðlögunarfærni ákærða sem leiði til þess að hann teljist hafa væga þroskahömlun.

Yfirmatsmennirnir og geðlæknarnir Þ og Æ yfirfóru framangreindar niðurstöður. Það var þeirra niðurstaða að ákærði sé á tornæmisstigi. Ákærði hafi hag af því að standa sig verr á prófinu en hann geti. Þá geti þunglyndi hans einnig haft neikvæð áhrif. Saga hans um störf á almennum vinnumarkaði, hjónaband og sambönd við annað fólk styðji jafnframt þessa niðurstöðu.

Dómurinn, sem skipaður er sérfróðum meðdómendum, bæði geðlækni og sálfræðingi, hefur rætt við ákærða, en hann var einungis tilbúinn til að svara spurningum um hagi sína, en ekki sakarefnið fyrir dóminum. Ekki er raunhæft að endurtaka greindarpróf á ákærða eins og staðan er núna. Hins vegar óskuðu dómendur eftir því að aflað yrði frekari gagna til að varpa ljósi á aðlögunarfærni ákærða. Í ljós kom að svo virðist sem ákærði hafi í raun ekki gengið í Öskjuhlíðarskóla. Afar takmörkuð gögn hafa þó fundist um skólagöngu hans. Ákærði hefur talsvert verið atvinnulaus en þó starfað á nokkrum vinnustöðum og sums staðar í langan tíma. Núverandi atvinnuveitandi hans greindi frá því að honum gengi vel í starfi sem krefst þess m.a. að rata um höfuðborgarsvæðið. Þótt fram hafi komið að ákærði hafi ekki alltaf reynst góður starfsmaður hefur hann þó getað unnið sjálfstætt á almennum markaði. Þá hefur ekkert komið fram sem styður að ákærði hafi í raun fengið aðstoð við að ná meiraprófi. Þegar horft er til alls þess sem komið hefur fram um hagi ákærða og þess sem rakið hefur verið úr matsgerðum dómkvaddra matsmanna og framburði þeirra, verður talið að ákærði hafi greind á tornæmisstigi.

Ekkert hefur komið fram um aðra þætti sem gætu haft áhrif á sakhæfi ákærða. Tornæmi það sem ákærði er haldinn fellur ekki undir þroskahömlun, andlegan vanþroska eða annars konar samsvarandi ástand þannig að hann gæti verið ófær um að stjórna gerðum sínum. Er það því niðurstaða dómsins að 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi ekki við um ákærða. Þá er ástand hans heldur ekki slíkt að 16. gr. laganna geti átt við um hann.

Ákærði hefur verið fundinn sekur um alvarleg kynferðisbrot sem beinast að þremur brotapolum sem allir búa við fatlanir og væga þroskahömlun. Brot ákærða eru að hluta til framin fyrir uppkvaðningu dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá [...] og verður ákærða gerður hegningarauki vegna þeirra. Meðferð máls þessa hefur tekið verulegan tíma, eins og greint hefur verið nánar frá, en það hefur óveruleg áhrif á refsinguna. Með hliðsjón af öllu framangreindu og að teknu tilliti til 1., 2., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma ákærða til refsingar sem þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár. Mikilvægt er að við fullnustu refsingarinnar verði litið til stöðu ákærða og þess gætt að hann fái þá heilbrigðisþjónustu sem hann þarf á að halda. Vegna þess sem fram er komið um andlega hagi ákærða skal tekið fram að samkvæmt 29. gr.

laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skulu fangar njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, auk þeirrar sérstöku heilbrigðisþjónustu sem lög og reglur um fanga segja til um. Jafnframt getur Fangelsismálastofnun eftir 22. gr. sömu laga heimilað að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun.

Réttargæslumenn brotaþola hafa krafist miskabóta úr hendi ákærða. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gagnvart þremur þeirra og eiga þeir rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í samræmi við niðurstöðu ákæruliðar IV verður miskabótakröfu D vísað frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Í matsgerðum vegna þroska og heilbrigðisástands brotaþolanna kemur fram að brotin hafi haft talsverð áhrif á þær þrátt fyrir að þær eigi misjafnlega auðvelt með að tjá sig um það. Brotin gegn þeim öllum eru til þess fallin að valda miska og geta þær átt sérstaklega erfitt með að komast yfir afleiðingar brotanna vegna fötlunar sinnar. Af hálfu brotaþolans A er krafist miskabóta að fjárhæð 3.500.000 krónur. Þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna ásamt vöxtum svo sem nánar greinir í dómsorði. Við aðalmeðferð málsins var upphafsdegi dráttarvaxtakröfunnar breytt í samræmi við ákæru og sætti sú leiðrétting ekki andmælum. Af hálfu brotaþolans B er krafist miskabóta að fjárhæð 1.000.000 króna. Þykir kröfunni í hóf stillt og verður hún tekin til greina með vöxtum eins og greinir í dómsorði. Af hálfu brotaþolans C er krafist miskabóta að fjárhæð 3.000.000 króna. Þykja bætur til hennar hæfilega ákveðnar 2.500.000 krónur ásamt vöxtum svo sem nánar greinir í dómsorði.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, sem ákveðin er með hliðsjón af tímaskýrslu verjanda og í samræmi við viðmiðunarreglur dómstólasýslunnar, 16.740.000 krónur, og þóknun réttargæslumanna brotaþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.143.900 krónur, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmanns, 1.527.525 krónur, og Þyríar Höllu Steingrímsdóttur lögmanns, 1.562.400 krónur. Þóknun vegna réttargæslumanns brotaþola D, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, að fjárhæð 1.143.900 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun þóknunar lögmanns hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá greiði ákærði 5.727.124 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Fanney B. Frostadóttir aðstoðarsaksóknari.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 184. gr. laga nr. 88/2008.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum dr. Gyðu Sigurlaugu Haraldsdóttur sálfræðingi, sérfræðingi á sviði fatlana, og Kristni Tómassyni, embættis- og geðlækni.

## D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í sex ár.

Vísað er frá dómi miskabótakröfu D.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 27. nóvember 2014 til 17. mars 2017, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 1.000.000 króna, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. desember 2017 til 7. júní 2019, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C 2.500.000 krónur, með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. mars 2018 til 7. júní 2019, en þá með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 16.740.000 krónur, og þóknun réttargæslumanna brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.143.900 krónur, Kolbrúnar Garðarsdóttur lögmanns, 1.527.525 krónur, og Þyríar Höllu Steingrímsdóttur lögmanns, 1.562.400 krónur. Ákærði greiði 5.727.124 krónur í annan sakarkostnað.

Þóknun réttargæslumanns brotþola, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.143.900 krónur, greiðist úr ríkissjóði.